Vertu vel tryggður á nýju ári!
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður Sími 450 5200 • www.tmhf.is


Sófasett 3+1+1
HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIDI 1 • 400 ÍSAFJÖRDUR

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16 - 19
Landsbankinn
Sími 450 5500

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 7. janúar 2004 · 1. tbl. · 21. árg.

Ísafjörður

Rekstur bílaverkstæða sameinaður

Rekstur bílaverkstæðis Sigurðar og Stefáns á Ísafirði og hluti af rekstri Bifreiðaþjónustu FMG hefur verið sameinaður. Að sögn Guðna Geirs Jóhannessonar hjá FMG, hóf hið sameinaða fyrirtæki rekstur í húsakynnum FMG að Sindragötu 3 um áramótin.

„Við byrjum á að fella sameiginleg verkefni fyrirtækjanna, sem eru stórbílaviðgerðir, undir einn hatt en síðan munum við smátt og smátt renna þeim saman þegar líður á árið“, segir Guðni. Aðspurður um ástæður sameiningarinnar segir hann menn sjá fyrir sér að betra sé að reka eitt öflugt fyrirtæki en tvö minni.

„Við fórum í þessar viðræður á þeim forendum að við yrðum sterkari sameinaðir“, segir Guðni. *– kristinn@bb.is*

Ísafjörður

49 börn komu í heiminn á FSÍ

49 börn fæddust á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á síðasta ári. Á sjúkrahúsinu á Patreksfirði fæddust tvö börn. Þrátt fyrir að aðeins tvö börn hafi fæðst þar innanhúss voru 20 börn í ungbarnaeftirliti á svæðinu sem þýðir að 18 fæddust annars staðar.

Af 49 fæddum börnum á Ísafirði voru drengir 24 og stúlkur 25. Árið 2002 fæddust 62 börn á Ísafirði og árið 2000 50 börn. *– kristinn@bb.is*

Nýbúabraut við Menntaskólann á Ísafirði

Færri komust að en vildu

Menntaskólinn á Ísafirði býður á vorönn 2004 upp á svokallaða nýbúabraut. Hún hefur það markmið að undirbúa þá nýbúa fyrir framhaldsskólanám, sem ekki uppfylla öll inntökuskilyrði eða eru óráðnir um námsval.

Fjörutíu nemendur hafa nú verið innritaðir á brautina en umsækjendur voru fleiri en skólinn getur tekið við og því þurfti að setja einhverja þeirra á biðlista til næsta skólaárs. Kennt verður í kvöldskóla fyrstu önnina og verður boðið upp á fjóra áfanga: íslensku fyrir byrjendur og lengra komna, samfélagsfræði, ensku og tölvunotkun.

Menntamálaráðuneytið hefur veitt skólanum 400.000 króna styrk til þess að undirbúa verkefnið og verkefnisstjóri er Valdimar J. Halldórsson.

– kristinn@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði.

Nauðungarsölum fjölgar

Fjárnámsbeiðnum og nauðungarsölum hjá Sýslumanninum á Ísafirði fjölgaði á milli áranna 2001 og 2002 samkvæmt ársskýrslu embættisins. Nýjar fjárnámsbeiðnir voru 499 á árinu 2001 en 594 árið eftir og nemur aukningin því tæpum fimmtungi.

Beiðnir um nauðungarsölur á fasteignum og skipum voru 121 á árinu 2001 en 145 árið eftir og fjölgar því álíka mikið hlutfallslega. Alls voru seldar 18 eignir á árinu 2001 en 28 á árinu 2002. Fjárnámsbeiðnir í lausafé voru 9 á árinu 2001 en 8 árið eftir. *– kristinn@bb.is*

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði þar sem sýslumannsembættið er til húsa.

SAMKAUP
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460


SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

ÚTGÁFAN

BÆJARINS BESTA

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamenn:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Sigurjón J. Sigurðsson
sími 892 5362
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. **Súðavík:** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði: **Hamraborg**, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. **Flugbarinn**, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. **Bónus**, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. **Bókhlaðan**, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. **Bensínstöðin**, Hafnarstræti, sími 456 3574. **Samkaup,** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. **Krílið**, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Ísafjörður

Grunaðir um að kveikja í ruslagámi

Að kvöldi nýársdags var tilkynnt til lögreglunnar á Ísafirði um að eldur logaði í opnum ruslagámi sem stóð á skólalóð Grunnskólans á Ísafirði við Grundargötu. Slökkvilið var kvatt út til að slökkva eldinn og var gámurinn fjarlægður. Grunur leikur á að þarna hafi verið að verki ungir piltar sem sáust hlaupa frá gámnum rétt fyrir tilkynninguna að sögn lögreglu.

Gámurinn mun hafa skemmst vegna þessa. Lögregla vill hvetja foreldra til að fylgjast vel með því hvað börn þeirra aðhafast og leiðbeina þeim um hættuna sem getur hlotist af glannaskap sem þessum.

Ein líkamsárás var kærð til lögreglunnar á Ísafirði í liðinni viku, en um var að ræða ungann karlmann sem sagðist hafa orðið fyrir árás eins manns fyrir utan skemmtistað á Ísafirði aðfaranótt nýársdags. Áverkar voru ekki alvarlegir og er málið til rannsóknar. *– kristinn@bb.is*

Ísafjarðardjúp

Árið 2003 það hlýjasta frá upphafi mælinga

Nýliðið ár var það hlýjasta sem komið hefur við Djúp frá upphafi mælinga árið 1897.

Samkvæmt upplýsingum Trausta Jónssonar veðurfræðings á Veðurstofu Íslands var meðalhiti ársins 4,9 gráður sem er töluvert meira en í meðalári. Til samanburðar má nefna að árið 2002 var meðalhiti 4,1 gráða.

Aðeins tvö ár eru svipuð síðasta ári í meðalhita. Það eru árin 1941 og 1933.

– hj@bb.is

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf., í Hnífsdal

Bréf fyrirtækisins lækkuðu um 11,4 % á liðnu ári

Hlutabréf Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal lækkuðu um 11,4 % á síðasta ári. Hlutabréf flestra sjávarútvegsfyrirtækja á aðallista Kauphallar Íslands lækkuðu á árinu. Eina sjávarútvegsfyrirtækið sem hækkaði var Grandi hf. en gengi hlutabréfa þess fyrirtækis hækkuðu um 16,5 % á liðnu ári. Aðeins sex fyrirtæki á aðallista Kauphallarinnar lækkuðu meira en HG þar af þrjú sjávarútvegsfyrirtæki, Vinnslustöðin hf. en gengi hlutabréfa þess fyrirtækis lækkuðu um 14 %, hlutabréf í Síldarvinnslunni hf. lækkuðu um 20,6 % og hlutabréf í Tanga hf. lækkuðu um 25,8 % á árinu. Þessar upplýsingar komu fram í viðskiptafréttum Morgunblaðsins.

– hj@bb.is

Héraðsdómur Vestfjarða

Sýknaður af ákæru fyrir kynferðisbrot þar sem sök var fyrnd

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sýknað karlmann af ákæru fyrir kynferðisbrot gegn barnungri stúlku á þeirri forsendu að sök mannsins væri fyrnd, en brotin voru talin framin á árunum 1985 til 1989 þegar stúlkan var 6-10 ára. Bótakröfu var vísað frá af sömu ástæðu. Stúlkan kærði málið árið í september 2002. Héraðsdómur taldi framburð konunnar trúverðugan, þrátt fyrir neitun mannsins, og taldi með honum nægilega sannað að maðurinn hefði framið það sem honum var gert að sök.

Stúlkan var systurdóttir eiginkonu mannsins og gætti móðursystirin hennar oft, svo og maðurinn. Fram kemur í dómnum, að stúlkan skýrði móður sinni í bréfi frá atferli mannsins þegar hún var 14-15 ára og einnig sagði hún kærasta sínum frá því á svipuðum tíma. Héraðsdómur segir, að sálfræðiskýrsla styðji mjög trúverðugleika framburðar konunnar og bréfið sem hún ritaði móður sinni styrki framburð hennar mikið. Sama sé að segja um skýrslu móður hennar og framburð vitna af háttsemi ákærða.

Þá segir dómurinn, að framburður vinstúlku konunnar, um það er maðurinn sýndi þeim klámfengið myndband og lét konuna snerta lim sinn, sé til þess fallinn að styrkja framburð konunnar um háttsemi mannsins. Ýmis önnur atriði voru talin gefa sterkar vísbendingar um hvatir mannsins.

RITSTJÓRNARGREIN

Gróskumikið menningarár að baki

Vestfirðingar kvöddu gamla árið á landsvísu með glæsibrag. Framlag vestfirskra tónlistarmanna og söngvara, í samfylgd tveggja landskunnra listamanna, í „Kveðju frá Ríkisútvarpinu“ á gamlárskvöld vakti verðskuldaða athygli.

Nýliðið ár bar með sér sterka hefð á sviði allskyns lista hér vestra. Með flutningi á „Söngvaseið“ var ráðist í það „ómögulega“ og því skilað með slíkum ágætum að undrun sætti. Fjögur ungmenni frá Tónlistarskóla Ísafjarðar tóku þátt í framhaldsstigs píanókeppni EPTA. Eitt þeirra komst í úrslit. Öll voru þau sér, skóla sínum og heimahögum, til sóma. Listaskóli Röngvaldar Ólafssonar varð 10 ára 5. desember. Fjórir aðilar standa þar að baki. Stofnun skólans bar á sínum tíma vott um áræði og framsýni. Slíkur skóli er sérhverju bæjarfélagi mikilvægur. Við grósku mikið menningarstarf á liðnu ári verður ekki skilist án þess að nefna nýútkominn hljómdisk Sunnukórsins „Kveðju mína og kærleiksband“. Þetta er önnur plata kórsins, sem verður 70 ára 25. janúar, en 1968 gaf kórinn, í samstarfi við Karlakór Ísafjarðar, út plötuna „Í faðmi fjalla blárra“. Vel var við hæfi að minnast afmælis kórsins með slíkum hætti og fullyrða má að hljómdiskurinn sé óbrotgjarn minnisvarði um sjö áratuga tilvist Sunnukórsins í menningarlífi Ísfirðinga og öllum þeim er að komu til upphefðar.

Fyrir fjórum árum komst sá háttur komst á í menningarbænum Ísafirði að velja árlegan bæjarlistamann. Fyrstur til að hljóta þennan heiður var Jónas Tómasson, yngri, tónskáld. Næstur í röðinni var Vilberg Vilbergsson, betur þekktur sem Villi Valli, hljómlistarmaður og listmálari, síðan Harpa Jónsdóttir, rithöfundur og grunnskólakennari. Að þessu sinni hlotnaðist Jóni Sigurpálssyni, myndlistarmanni og safnverði á Ísafirði, heiðurinn. BB óskar Jóni til hamingju með verðskuldaðan heiður. Auk þess að vera þekktur fyrir listaverk sín, sem meðal annar má sjá víða um Vestfirði, er hann kunnur fyrir tveggja áratuga gifturíkt starf, sem safnvörður á Ísafirði.

Vandi er þeim vissulega á höndum sem falið er að velja bæjarlistamann. Um verklag í þeim efnum er BB með öllu ókunnugt. Til framtíðar horft leyfir blaðið sér þó, í vinsemd og að fullu og öllu á eigin ábyrgð, að nefna að á meðal býsna margra, sem til greina koma á komandi árum, er maður sem staðið hefur í stafni á fjölmörgum sviðum tónlistar áratugum saman, og er enn að, Hnífsdælingurinn Baldur Geirmundsson. Því einu er við að bæta, að hví skyldu bæjarbúar vera feimnir við koma á framfæri ábendingum um bæjarlistamann?

– s.h.

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi

Fagnar undirtektum forsætisráðherra við löggjöf um hringamyndun

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi segist fagna undirtektum forsætisráðherra, sem komu fram í áramótaávarpi hans, við hugmyndum um að setja löggjöf gegn hringamyndun. Tillaga Kristins um málið var samþykkt á flokksþingi framsóknarmanna í febrúar á síðasta ári. Hann segir þetta verða eitt af stóru málunum á vorþingi en eins reiknar hann með líflegum umræðum um sparisjóðamálið, sjávarútveginn og stofnun háskóla á Vestfjörðum.

Í samþykkt flokksþingsins er kveðið á um að undirbúin verði löggjöf gegn hringamyndun og ráðandi markaðsstöðu í einstökum atvinnugreinum. M.a. verði athugað „hvort ekki sé rétt að kveða á um skiptingu markaðsráðandi fyrirtækja“, eins og segir í samþykktinni. „Ég spái því að þetta verði eitt af stóru málunum á vorþinginu því mönnum er ljóst að samþjöppunin er orðin svo mikil í mörgum atvinnugreinum að samkeppni er vart raunhæf að óbreyttu. Þannig verður að grípa til ráðstafana svo samkeppnisþjóðfélagið virki eins og til er ætlast“, segir Kristinn.

Hann álítur að í löggjöfinni eigi að takmarka mjög ráðandi aðila á fjármálamarkaði, s.s. í bankastarfsemi, til beins eignarhalds í öðrum atvinnugreinum hvort sem það er í sjávarútvegi á fjölmiðlamarkaði eða á öðrum sviðum. „Það þarf að vera valddreifing í þjóðfélaginu og þessi löggjöf þarf að stuðla að því að ná slíkum markmiðum.“

Hann segir að í sparisjóðamálinu sé tekist á um frekari samþjöppun á fjármálamarkaði eða hvort að koma eigi í veg fyrir hana. Stóru átakamálin í sjávarútvegi séu tengd sama stefi, samþjöppuninni sem býr til stór fyrirtæki með mikil völd á fáum stöðum. „Við sjáum beina skírskotun til Vestfjarða þar sem samþjöppunin hefur dregið þrótt úr svæðinu eins og sjá má af nýlegum fréttum um fækkun ársverka“, segir Kristinn.

Kristinn H. Gunnarsson.

Þá segir hann uppbyggingu menntamála á Vestfjörðum verða í brennidepli en það sé eitt allra stærsta framfaramál gamla fjórðungsins. „Það verður mikið kapp lagt á að ljúka því fyrir lok þings í vor þ.e. að fá ákvörðun um stofnun háskóla á Vestfjörðum. Að auki verði lögð áhersla á að tryggja stöðugleika í útgerð dagabáta með því að gólf í fjölda daga sem þeir megi róa. „Þetta er mikið hagsmunamála dagasjómanna og margir á Vestfjörðum sem eiga mikið undir því.“

Loks telur hann að fiskveiðistjórnunin verði mikið til umræðu. Ekki hafi tekist að fá fram sæmilega sátt um málið og áfram verði tekist á um breytingar á kerfinu. „Á Vestfjarðamiðum er veiddur fjórðungur alls þorsks sem veiddur er við landið, nær þriðjungur alls ýsuaflans og tæplega helmingur alls steinbítsaflans. Við hljótum að gera kröfu til þess að auðlind Vestfjarða verði nýtt til að styrkja búsetu og atvinnulíf á Vestfjörðum með sömu rökum og samstaða er um að nýta vatnsorku Austfirðinga til atvinnuuppbyggingar þar“, sagði Kristinn H. Gunnarsson í samtali við blaðið. *– kristinn@bb.is*

Lögreglan á Ísafirði

Metár í fangavistun

Árið 2002 var metár í fangageymslum lögreglunnar á Ísafirði. Þá voru 102 settir inn og hafa ekki verið fleiri á 10 ára tímabili samkvæmt ársskýrslu Sýslumannsins á Ísafirði fyrir árið 2002. Næst flestir voru settir inn árið 1996 eða 101 og 100 á árinu 1993. Fæstir voru settir inn á árinu 1999 eða 43. Karlmenn eru í meirihluta þeirra sem hafa gist fangageymslurnar öll árin. Á árunum 1992 til 2002 voru 722 karlar settir inn en 68 konur.

Útsend sektarboð hjá lögreglunni á Ísafirði voru 589 á árinu 2002 sem er í meðallagi miðað við síðustu ár fimm ár, heldur fleiri en á árinu 2001 þegar 541 sektarboð var sent út og heldur færri en á árinu 1999 þegar þau voru 659, samkvæmt skýrslu sýslumannsins.

– kristinn@bb.is

Við hitum upp!

25%

afsláttur af öllum vörum 8. 9. og 10. janúar

Útsala hefst 12. janúar af völdum vörum

LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna
Austurvegi 2, Sími 456 4070

JÓN og GUNNA
Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464

Ólafur Th. Árnason í hópi tilnefndra.

Fjölmenni sótti hófið.

Ólafur Th. Árnason íþróttamaður Ísafjarðarbæjar í þriðja sinn

Skíðagöngugarpurinn Ólafur Thorlacius Árnason frá Ísafirði var útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar annað árið í röð í hófi sem Afreks- og styrktarsjóður Ísafjarðarbæjar og Héraðssamband Vestfirðinga héldu í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á laugardag. Þetta er í þriðja sinn sem Ólafur hlýtur nafnbótina en hann var fyrst útnefndur árið 1999. Fjórtán íþróttamenn voru tilnefndir og hlutu þeir allir viðurkenningu. Að sögn Björns Helgasonar, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, hefur hófið aldrei verið svo vel sótt en um 170 manns fylgdust með athöfninni og þáðu glæsilegar veitingar sem voru framreiddar af Skíðafélagi Ísfirðinga. Alls voru veittar um 160 viðurkenningar m.a. til verðlaunahafa á Unglingalandsmóti UMFÍ á Ísafirði, síðasta sumar. Afreks- og styrktarsjóður veitti fimm styrki. Auk Ólafs hljóta kollegar hans úr Önundarfirði þeir Markús Þór Björnsson og Jakob Einar Jakobsson hver um sig 100 þúsund krónur. Þá fá knattspyrnumennirnir Birkir Sverrisson og Matthías Vilhjálmsson 50 þúsund króna styrk hvor. Áður hafði sjóðurinn veitt Söru Pálmadóttur í KFÍ 50 þúsund króna styrk og Laufeyju Björk Sigmundsdóttur, blakkonu í Höfrungi á Þingeyri, sömu upphæð. Alls fengu því sjö íþróttamenn styrki úr sjóðnum vegna ársins 2003.

– kristinn@bb.is

Ólafur Th. Árnason tekur við viðurkenningunni úr hendi Birnu Lárusdóttur.

Boðið var upp á veglegar veitingar.

Halldór Hermannsson ásamt eiginkonu sinni Katrínu Gísladóttur.

Fjölmenni samfagnaði Halldóri Hermannssyni

Á föstudag varð Halldór Hermannsson, skipstjóri og hafnarvörður á Ísafirði, sjötugur og bauð vinum og vandamönnum til veislu í Oddfellow-húsinu á Ísafirði um kvöldið. Þar mætti fjölmenni til þess að samfagna afmælisbarninu enda hefur Halldór víða komið við í lífinu. Ljósmyndari bb.is kom þar við og tók meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á ljósmyndavef bb.is í vikunni.

– hj@bb.is

Sigurður Sveinsson ýtu- og brennustjóri og eiginkona hans Gerður Pétursdóttir.

Konráð Eggertsson og Einar Hreinsson í þungum þönkum.

Halldór Hermannsson er með pólitískari mönnum enda voru Sigurjón Þórðarson þingmaður Frjálslynda flokksins og Margrét Sverrisdóttir framkvæmdastjóri flokksins mætt í veisluna.

Flateyringar fögnuðu nýju ári með pompi og prakt

Flateyringar skemmtu sér vel á gamlárskvöld, eins og vonandi flestir landsmenn, þegar þeir kvöddu gamla árið með tilhlýðilegri virðingu og fögnuðu því nýja.

Fjölmenni sótti brennuna sem þótti takast vel og fylgdist með litskrúðugri flugeldahríð. Páll Önundarson var á staðnum og fangaði stemmninguna á Flateyri þegar árið 2003 var að renna sitt skeið á enda og nýtt ár að ganga í garð.

– kristinn@bb.is

820 tonnum af sjávarafurðum umskipað í Ísafjarðarhöfn

Flutningaskipið Florinda kom til hafnar á Ísafirði á laugardag og losaði um 560 tonn af norskri iðnaðarrækju sem fer til vinnslu hjá verksmiðjum á svæðinu. Þá lestaði skipið 260 tonn af afurðum sem fluttar verða til Portúgals og Spánar. Florinda lét úr höfn á sunnudagskvöld og hafði þá samtals 820 tonnum af sjávarafurðum verið umskipað. Kári Þór Jóhannsson, hjá frystigeymslu Vestra við Ísafjarðarhöfn, segir vonir manna standa til þess að fyrsta helgi ársins gefi góð fyrirheit fyrir næstu mánuði ekki síst þegar aflatölur af höfnunum eru að dala.

– kristinn@bb.is

Florinda í Ísafjarðarhöfn.

Intersportdeildin í körfuknattleik

Jeb Ivey er besta skyttan

Jeb Ivey, leikmaður KFÍ er besta skyttan í Intersportdeildinni í körfuknattleik ef tekið er mið af svokallaðri þrennu þ.e. samanlagðri skotnýtingu, nýtingu þriggja stiga skota og vítanýtingu. Þetta kemur fram í samantekt á vefsvæði KFÍ. Skotjafnan svokallaða nær eingöngu til þeirra sem hafa að lágmarki skotið tuttugu skotum, fimm vítaskotum og hitt úr tíu vítum.

Jeb fær þá 196,8 stig en í öðru sæti kemur Falur J Harðarson hjá Keflavík með 195,1 stig og Brenton J Birmingham hjá Njarðvík með 192,2 stig. Margvíslega tölfræði um leikmenn Intersportdeildarinnar er að finna á heimasíðu KKÍ.

– kristinn@bb.is

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Stuðningsfjölskylda

Svæðisskrifstofa fatlaðra óskar eftir að ráða stuðningsfjölskyldu í Bolungarvík.

Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 456 5224.

Siggi Björns og Rauði krossinn á Vestfjörðum

Styrkja fórnarlömb jarðskjálfta í Íran

Rauða kross deildirnar á Vestfjörðum ásamt Sigga Björns, trúbador á Flateyri, standa fyrir styrktartónleikum til hjálpar fórnarlömbum jarðskjálftans í Íran á kl. 20:30 sunnudagskvöld í Hömrum sal Tónlistarskóla Ísafjarðar. Fjölmargir tónlistarmenn koma fram og gefa vinnu sína og allur ágóði rennur óskiptur til aðstoðar fólkinu sem lifði af jarðskjálftann.

Að sögn Bryndísar Friðgeirsdóttur, starfsmanns Rauða krossins á norðanverðum Vestfjörðum, hafa starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Íran dreift 92.000 tjöldum sem fólk sem lifði af jarðskjálftann í Íran dvelur nú í meðfram götum Bam.

Bryndís segir Íslendinga halda áfram að bregðast með afbrigðum vel við fjársöfnun Rauða krossins og hafi gefið rúmar 5 milljónir króna, aðallega með því að hringja í söfnunarsímann 907 2020 en einnig með framlögum af greiðslukorti á heimasíðu Rauða krossins.

– kristinn@bb.is

Réttindi á vinnuvélar



Vinnuvélanámskeið verður haldið á Ísafirði 23. - 31. janúar.

Námskeiðið er kvöld og helgarnámskeið og veitir rétt til verklegrar próftöku á allar gerðir vinnuvéla.

Upplýsingar og skráning í símum
570 7290, 897 0601 og á vefsíðu *www.iti.is*

Iðntæknistofnun

Vestfirðingur vikunnar

Dollaramyndirnar eru og voru alltaf bestar

Nafn: Gísli Aðalsteinn Hjartarson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 27.10.1947.
Atvinna: Starfsmaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Byjgunnar á Vestfjörðum, ritstjóri Skutuls, blaðs jafnaðarmanna á Vestfjörðum, rithöfundur og leiðsögumaður í áratugi um óbyggðir Vestfjarðakjálkans og víðar.
Fjölskylda: Einhleypur og býr einn.
Helstu áhugamál: Ritstörf, útivist, skotveiði, ferðalög, góður matur (eins og sjá má á vextinum), stjórnmál og grúsk í gömlum vestfirskum fræðum.
Bifreið: Grand Cherokee Limited, árg. 1997.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Nýjustu árgerð af Grand Cherokee, flottustu týpunni.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Skipstjóri á heimshöfunum sjö.
Uppáhalds matur? Heimasviðin svið og rófustappa og steikt lambalæri að hætti mömmu með sykurbrúnuðum kartöflum, brúnni sósu, grænum baunum og mikilli rabbabarasultu.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Þykir allur matur góður – alltof góður.
Uppáhalds drykkur? Kaffi og af sterkum drykkjum er það Captain Morgan í kók.
Uppáhalds tónlist? Kántrí og sígild tónlist.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Sem betur fer bjargaði brennivínið mér frá íþróttabölinu.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Spaugstofan og náttúrulífsþættir.
Uppáhalds vefsíðan? bb.is er upphafssíðan mín á netinu. Ligg gjarnan á fjölmiðlasíðunum.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Held mikið upp á gamla vestra og fannst alltaf svonefndar „Dollaramyndir“ bestar.
Fallegasti staður hérlendis? Hornvík um sólstöður í miðnætursól. Þessi vík á milli fuglabjarganna miklu, Hælavíkurbjargs og Hornbjargs er engu öðru lík.
Fallegasti staður erlendis? Eystribyggð á suður Grænlandi.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Já og nei, jú dálítið.
Uppáhalds heimilistækið? Uppþvottavélin er í fyrsta sæti og síðan sjónvarpið.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að ferðast með góðum félögum um óbyggðir, deila með þeim mat, tjaldi og slarkinu sem fylgir slíkum ferðum.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Óhreinskilni, lygi og fals.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Borða góðan mat og slappa af með glas í hendi með félögunum yfir góðu myndbandi eða spjalli.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já, en þori ekki að upplýsa um það hér.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Þegar ég stóð á typpinu á Djúpvegi, rétt innan við Eyri í Skötufirði, með dauðan mink í hendinni eftir að hafa vaðið í sjóinn eftir honum og fullur bíll af hlægjandi kellingum stoppaði hjá mér.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Það er nú svo margt að það væri efni í heila bók upp á a.m.k. 1000 blaðsíður. Annars ræður bæjarstjórinn ekki miklu nema hann sé bæjarfulltrúi og oddviti framboðslista sem hefur hreinan meirihluta í bæjarstjórn.
Lífsmottó? Láta hverjum degi nægja sína þjáningu og taka því sem að höndum ber.

Mikill samdráttur í lönduðum afla á Vestfjörðum á milli ára

Samdrátturinn nemur 36% fyrstu níu mánuði ársins

Landaður afli á Vestfjörðum dróst saman um rúm 36% á milli ára fyrstu níu mánuði yfirstandandi árs. Í verðmætum talið er samdrátturinn um 20%. Mestur er samdrátturinn í þorski, grálúðu, loðnu og rækju. Samtals var landað 40.330 tonnum á Vestfjörðum fyrstu níu mánuði yfirstandandi árs. Á sama tíma í fyrra var landað 63.456 tonnum. Aflaverðmæti landaðs afla var tæpir 3,6 milljarðar króna á yfirstandandi ári en var rúmir 4.4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Samdráttur var verulegur í þorskafla. Í fyrra var landað 20.579 tonnum af þorski en í ár einungis 16.290 tonnum og er það tæplega 21% samdráttur í magni á milli ára. Aflaverðmæti þorsks minnkaði um rúm 18% á milli ára úr tæpum 2.4 milljörðum í tæpa 2 milljarða.

Grálúðuafli minnkaði um 39% á milli ára í tonnum talið, fór úr 2.385 tonnum í 1.455 tonn og verðmæti aflans minnkaði úr 495 milljónum í 280 milljónir króna sem er um 43% samdráttur á milli ára.

Loðnuafli sem landað var í höfnum á Vestfjörðum minnkaði úr 26.180 tonnum í fyrra í 8.012 tonn í ár sem er um 70% samdráttur og verðmæti loðnuaflans minnkaði úr 192 milljónum króna í 55 milljónir króna sem gerir einnig um 70% samdrátt.

Rækjuafli minnkaði á milli ára úr 7.043 tonnum í 5.627 tonn sem er um 20% samdráttur en í verðmætum talið var samdrátturinn rúm 24%.

Ekki var samdráttur í öllum tegundum. Þannig jókst steinbítsafli úr 4.578 tonnum í 5.663 tonn sem er aukning um tæp 24% og í verðmætum talið var aukningin í steinbít úr 370 milljónum króna í 463 milljónir króna sem jafngildir 20 % aukningu.

– hj@bb.is

Landað við höfnina í Bolungarvík.

Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði

Steypa upp nýtt fjölbýlishús

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði hófu uppsteypu á veggjum nýs átta íbúða fjölbýlishúss við Wardstún á laugardag. Liðlega áratugur er síðan nýtt fjölbýlishús var byggt á Ísafirði og er því um tímamót að ræða.

Þáttaskilin hljóta að teljast enn athyglisverðari þar sem steypuvinnan hefst um hávetur, þ.e. 3. janúar. Verkið gekk vel fyrir sig og vonast smiðirnir til að geta steypt annan áfanga í næstu viku ef hlákan helst.

– kristinn@bb.is



Steypuvinna í fullum gangi. Ljósm: Þorsteinn J. Tómasson.

Þriðjungur foreldra barna í Grunnskólanum á Ísafirði

Hefur hlustað á börn sín segja frá einelti í skólanum

Um þriðjungur foreldra barna í Grunnskólanum á Ísafirði hefur hlustað á börn sín segja frá einelti í skólanum. Einungis 40% foreldranna brást við með því að hafa samband við einhvern af starfsmönnum skólans. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var meðal foreldra barna í skólanum á foreldradegi fyrir skömmu. Nær allir foreldrarnir sem svöruðu eða 96% höfðu rætt við börn sín um eineltismál og 94% höfðu orðið varir við aukna umræðu um eineltismál.

Alls bárust 143 svarblöð en yfir 300 heimili standa að skólanum. Á heimasíðu GÍ segir að fremur dræm svörun dragi e.t.v. úr áreiðanleika könnunarinnar en niðurstöðurnar gefi vísbendingar um stöðu mála. Í skýrslunni segir að einelti í skólanum sé því miður þekkt. Fullyrða megi að starfsfólk skólans hafi almennt lagt sig fram um að uppræta einelti í skólanum og tekist það nokkuð vel. Hins vegar megi ávallt gera betur.

Skólinn hefur tekið þátt í aðgerðaráætlun samkvæmt svokölluðu Olweusarkerfi ásamt grunnskólunum á Flateyri og Suðureyri frá árinu 2002. Sagt er frá niðurstöðum könnunarinnar á heimasíðu GÍ.

– kristinn@bb.is

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

Nýr leikmaður

Stjórn KFÍ hefur skrifað undir samning við bandarískan leikmann, Shon Eilenstein sem er 206 cm á hæð. Hann hefur auk heimalandsins leikið í Frakklandi.

Eftir því sem kemur fram á heimasíðu KFÍ er hann feikilega sterkur undir körfunni.

– hj@bb.is

Fjórfalt meira magn fíkniefna haldlagt árið 2003 miðað við árið á undan

Besti árangur lögreglunnar til þessa

Lögreglan á Ísafirði hefur lagt hald á fjórfalt magn fíkniefna á árinu 2003 miðað við árið á undan að sögn Hlyns Snorrasonar, lögreglufulltrúa. Hann segir árangurinn þann besta sem sést hafi hjá embættinu bæði í að upplýsa mál og í haldlagningu efna.

Á árinu lagði lögreglan hald á 334,34 g af ætluðum fíkniefnum samanborið við 80,03 g á árinu 2002 ef ýmis óskilgreind efni s.s. íblöndunarefni og lyfseðilsskyld lyf eru ótalin. Í fyrra lágu 29 mál að baki en þau eru 24 í ár. Málin eru því fimm færri en lagt er hald á meira magn í hverju þeirra. „Okkur hefur tekist enn betur en á fyrri árum að upplýsa um dreifinguna, þ.e. ná til sölumannanna. Það skiptir máli að geta klippt á þá starfsemi“ segir Hlynur.

Hann segir lang stærstan hluta vera kannabisefni og hlutfallslega meira hafi verið haldlagt af kannabisefnum en verið hafi. Hlynur segir eðlilegt að fólk spyrji í framhaldinu hvort fíkniefnaneysla sé að aukast á svæðinu? „Við teljum að ástandið sé nokkuð svipað og verið hefur en embættið er alltaf að leggja meiri áherslu á þennan málaflokk samhliða forvörnum. Lögreglan er að leggja meiri vinnu í að grafa dýpra í hvert mál og embættið í heild er að verða sterkara í þessari vinnu“, segir Hlynur.

Kannabisefni sem lögreglan hefur lagt hald á.

Hann segir greinilegt að hinum almenna íbúa standi ekki á sama. „Oftar en ekki fáum við upplýsingar frá þeim sem vilja leggja málefninu lið, sem er mjög dýrmætt. Þetta er samvinnuverkefni lögreglunnar og almennings.“

Aðspurður um hvort telja megi að minna magn fíkniefna sé í umferð í kjölfar árangurs lögreglunnar segir hann að almennt hafi inngrip lögreglu í fíkniefnamálum þau áhrif að slá svolítið á ástandið. „Það má segja að ástandið verði hlutlaust í smá tíma en síðan lifnar það við aftur. „Þetta er eins og með illgresi, ef menn taka til í lóðinni þá er hún flott og fín í einhvern tíma en síðan sprettur illgresið upp aftur nema menn séu í sífellt að taka til.

Lögreglan hérna er farin að finna að afskiptin og áherslan sem hefur verið lögð í þennan málaflokk er farin að skila sér í betri unglingamenningu. Þegar við finnum svo jákvæða svörun í þessum málaflokki þá er ofsalega gaman að lifa og við eflumst frekar en hitt“, sagði Hlynur Snorrason.

– kristinn@bb.is

Sameining á döfinni?

Á aðalfundi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Vestfjörðum sem haldinn var á gamlársdag, var samþykkt að kanna vilja félagsmanna til sameiningar við Félag íslenskra skipstjórnarmanna sem nýverið var stofnað með sameiningum nokkurra félaga skipstjórnarmanna. Viðhöfð verður póstkosning þar sem allir félagar geta tekið þátt. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan var stofnað 16. október 1921. Núverandi formaður félagsins er Skarphéðinn Gíslason.

– hj@bb.is

Varaformaðurinn féll

Á aðalfundi Sjómannafélags Ísfirðinga sem haldinn var á öðrum degi jóla féll Níels R Björnsson matsveinn, í kosningu til áframhaldandi setu í varaformannsstólnum. Ómar Helgason skipverji á Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 bauð sig einnig fram til varaformanns og var kjörinn með 11 atkvæðum gegn 6 atkvæðum Níelsar. Níels hlaut síðan kosningu sem meðstjórnandi. Aðrir í stjórn eru Brynjólfur Bjarnason gjaldkeri, Pétur Guðmundsson ritari og Sævar Gestsson sem var endurkjörinn formaður.

Ísafjarðarkaupstaður mánudaginn 5. janúar 2004.

Starfandi fólki á Vestfjörðum

Hefur fækkað um liðlega 300 frá 1998

Starfandi fólki hefur fækkað um 320 undanfarin 5 ár samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Árið 1998 voru 4.880 manns starfandi einstaklingar á Vestfjörðum en voru 4.560 á árinu 2002. Nemur fækkunin um 6,5 %. Á sama tíma hefur starfandi fólki fjölgað um 7,2 % á landinu öllu og um 10,8 % á höfuðborgarsvæðinu.

Ef litið er á skiptingu milli aldursflokka kemur í ljós að í tveimur aldursflokkum hefur starfandi fólki í fjórðungnum fjölgað. Í aldursflokknum 45-49 ára hefur þeim fjölgað um 20 %, úr 440 manns í 530 manns og í aldursflokknum 55-59 ára hefur fjölgað um 11% úr 270 í 300 manns. Í öllum öðrum aldursflokkum hefur starfandi fólki á Vestfjörðum fækkað eða fjöldinn staðið í stað.

Á aldrinum 20-45 ára sem oft er talinn aldur virkustu starfsáranna, þegar fólk er að koma þaki yfir höfuðið og koma börnum sínum á legg, hefur starfsfólki fækkað um tæp 11 % úr 2.670 í 2.380 manns. Á sama tíma hefur þeim aldurhópum fjölgað um tæp 10% á höfuðborgarsvæðinu. Sem dæmi má einnig nefna að í aldursflokknum 35-39 ára hefur orðið um 21 % fækkun starfandi fólks á Vestfjörðum á meðan fólki í þeim aldurflokki fjölgaði um 9,5 % á höfuðborgarsvæðinu.

Starfandi fólki fækkaði um 3% á Norðurlandi Vestra og Austfjörðum. Á Suðurnesjum fjölgaði um 7%, 6% á Suðurlandi og 5% á Vesturlandi.

– hj@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Ræstingar

Hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ er nú laus 100% staða starfsmanna í ræstingu. Vinnutími er frá kl. 07:30 til 15:30 alla daga. Frí er annan hvern þriðjudag, annan hver föstudag og aðra hverja helgi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningu Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi HSÍ. Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað er ráðið hefur verið í starfið.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún Kristjánsdóttir, ræstingarstjóri í síma 450 4500.

Stormasamt á árinu og góð rækjuveiði í Ísafjarðardjúpi?

Hin gamalreynda völva tímaritsins Vikunnar spáir stormasömu veðri á Vestfjörðum og Vesturlandi á árinu og af vettvangi sjávarútvegsmála segir hún miklar breytingar verða á kvótamálum og hjá smábátaútgerðinni. Að hennar sögn verða rækjumiðin í Ísafjarðardjúpi gjöfulli en áður. Margir munu kætast ef sú spá rætist því á yfirstandandi vertíð eru miðin lokuð en rækjustofninn í Djúpinu þykir í sögulegu lágmarki. Völvan segir Íslendinga verða sífellt meira í umræðunni á heimsvísu vegna þeirrar dulúðar sem svífur yfir landinu. Hún segir Vestfirðina koma sterkt inn á því sviði vegna fræðaseturs og menningarmála. „Vestfirðirnir eiga eftir að byggja upp menningarsetur, mögulega tengt stjörnuspeki og verður á öðrum grunni en tíðkast hefur. Útlendingar koma í myndina þar og þetta á eftir að laða ferðamenn að“, sagði völvan í spá sinni. Framtíðarspár munu seint teljast óskeikular hvort sem fjallað er um veður eða fjármál, hvað þá framtíð þjóðarinnar almennt. Má þó telja hina bestu skemmtun að rýna í spá völvunnar og verður forvitnilegt að fylgjast með hvort rækjuveiðin glæðist og hvort vindur muni blása kröftuglega á árinu.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði fagnaði nýverið 10 ára afmæli en stofndaginn bar upp á 119. fæðingarafmæli Rögnvaldar Ólafssonar, arkitekts, 5. desember 1993. Fjölbreytt námskeiðahald hefur verið hjá skólanum frá upphafi, m.a. hefur hann sinnt margvíslegri myndlistarkennslu, tónlist, dansi, og leiklist svo fátt eitt sé nefnt. Rögnvaldur Ólafsson, oft kallaður fyrsti íslenski arkitektinn, hannaði Edinborgarhúsið sem hefur verið helsta aðsetur listaskólans. Menningarmiðstöðin Edinborg og listaskólinn eru nátengd en eigendur listaskólans eru allir hluthafar í Edinborgarhúsinu og hefur skólinn átt drjúgan þátt í að gæða menningarmiðstöðina lífi. Að listaskólanum standa Myndlistarfélagið á Ísafirði, Litli leikklúbburinn, Tónlistarskóli Margrétar Gunnarsdóttur og Lúðrasveit Ísafjarðar var einnig stofnaðili. Tæpast er átakalaust að setja á fót og starfrækja heilan listaskóla. Því þótti forvitnilegt að taka frumkvöðlana tali, spyrja um tilurð skólans og reynslu síðasta áratugar. Fyrir svörum urðu Margrét Gunnarsdóttir píanóleikari og myndlistarmennirnir Jón Sigurpálsson, Ólöf Oddsdóttir og Pétur Guðmundsson.

„Ótrúlegur árangur á ekki le

Jón: „Það má að einhverju leyti rekja sögu Listaskólans til Myndlistarfélagsins á Ísafirði sem var stofnað árið 1984. Ári síðar hóf félagið rekstur listasalarins Slunkaríkis en auk sýningarhalds var markmið félagsins að standa fyrir námsskeiðum. Margrét hóf einkakennslu í tónlist árið 1991 og við sameinuðumst.

E.t.v. má segja að hugmyndafræðin um að sameina í einn skóla margar ólíkar greinar og láta þær allar vinna saman sé svolítið í anda þess sem við Margrét kynntumst þegar

Jón: „Við Hrönn fórum í Landsbankann og skrifuðum undir víxil fyrir öllu saman.

við vorum við nám úti í Hollandi. A.m.k. kom hugmyndin að menningarmiðstöð að vissu leyti þaðan því þar eru menningarmiðstöðvar í hverjum bæ þar sem allt er að gerast, ef svo má segja.“

Pétur: „Núverandi- og framtíðartakmarkið er að geta hýst sem flestar greinar undir sama þaki.“

Lögð að veði í Landsbankanum

– Starfsemin er sprottin af frumkvæði áhugasamra einstaklinga en ekki tilkominn út af ályktun í einhverri nefnd eða slíku. Má ekki kalla þetta grasrótarstarf?

Pétur: „Jú það má segja að Listaskólinn hafi orðið til eftir réttri leið. Þetta hófst með mannlegu brölti en síðan hlóðst húsnæðið og annað tilheyrandi utan á.“

Jón: „Litli leikklúbburinn kom einmitt að með hugmyndina um að kaupa Edinborgarhúsið, ég held að Hrönn Benónýsdóttir hafi fengið þessa hugdettu og unnið að henni með fleiru góðu fólki þar. Síðan komu þau og báru sínar pælingar upp við okkur í Myndlistarfélaginu.

Þetta hefði náttúrlega aldrei verið hægt nema af því að Djúpbáturinn hf. kom að með 40% hlut í húsinu.“

Margrét: „Í upphafi var þetta spurning um að fjármagna kaupin. Fyrir húsið voru borgaðar ellefu milljónir sem okkur þótti ansi mikið að vera með á herðunum“

Jón: „Við Hrönn fórum í Landsbankann og skrifuðum undir víxil fyrir öllu saman.

Mér skilst að Hrönn eigi einmitt ennþá eftirminnilegt bréf frá bankanum þar sem segir *víxill yðar að upphæð núu milljónir er í vanskilum.* Það ætti nú að ramma þetta plagg inn og hafa hérna í húsinu.“

Ólöf: „Mér finnst alltaf góð sagan af því þegar Jón og Hrönn sátu á Landsbankatröppunum í öngum sínum yfir að leggja sig að veði hjá bankanum og Kristján heitinn Jónasson, hjá Djúpbátnum, stóð yfir þeim og tautaði *þegiði bara og skrifið undir.* Ég veit hreinlega ekki hvað hefði orðið úr þessu dæmi öllu saman ef hans hefði ekki notið við.“

Margrét: „Hann var ekki hræddur við neitt og kunni tökin á að ganga frá svona málum. Hann sá t.d. um að semja við Sambandið um kaupin á húsinu.“

– Má ekki segja að uppbygging þessara stofnana sé samhangandi, þ.e. menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar og Listaskólans?

Jón: „Fyrir okkur var Listaskólinn settur á stofn út af hugsjón og líka til að skapa húsinu verkefni. Eitt er að kaupa hús og annað að reka það.“

Góð aðsókn úr öllum áttum

Margrét: „Skólinn byrjar á að kenna vítt og breitt. Við fengum inni í Kaupfélagshúsinu og fórum þaðan niður í Vestrahús en síðan kemur að Edinborgarhúsinu.

Gerður var samningur við Grunnskólann á Ísafirði um að Listaskólinn sæi um myndmenntakennslu og útvegaði kennara. Þá vorum við að fá kennara úr Reykjavík sem voru um 6 vikur í senn, svipað og gert er núna með listdanskennsluna, og þá urðum við að gera eitthvað í því að komast inn í húsið. Fyrstu kennslustundirnar fóru fram úti af því húsnæðið var ekki tilbúið. Þær framkvæmdir voru kláraðar á mettíma og mikil spenna meðan á þeim stóð. Húsnæðið var mjög hrátt og mér fannst þetta ótrúlega erfitt tímabil.“

– Mér heyrist að þið hafið staðið í ýmiskonar stappi og streði í kringum starfsemina og efast um að fólk skrifi hvern einasta tíma á Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar. Af hverju eruð þið að standa í þessu?

Pétur: „Ætli það sé ekki bara gaman.“

Margrét: „Jú, og svo snýst það um að hafa trú á því sem maður er að gera sjálfur og vilja til að aðrir fái að njóta þess. Maður hefur líka fengið mikla reynslu og þroskast af því að láta ekki erfiðleikana buga sig.“

Pétur: „En starfsemin á nú líka að vera liður í að efla bæjarfélagið, á móti brimsins böli, eins og við sögðum einhvern tímann.

Jón: „Mér finnst alltaf svolítið fallegt sem Sigurður Guðmundsson, myndlistarmaður og rithöfundur, sagði að starf listamannsins sé svipað trúboðastarfi. Að listamenn boði visst fagnaðarerindi sem sé mannlífsbætandi – ég held að það sé dálítið til í því.“

Pétur: „Maður fær heilmikið út úr þessu starfi persónulega, það bætir mann sjálfan að vera kennari.“

Ólöf: „Þetta er einmitt spurningin, af hverju er maður kennari? Ég er á því að maður fái eitthvað til baka fyrir kennsluna sem sé töluvert mikils virði. Stundum er það spurningin hvort lærir meira nemandinn eða kennarinn?“

– Er ekki heilmikið af fólki sem hefur sótt námskeið hjá skólanum í gegnum tíðina?

Pétur: „Jú það er orðinn ágætis hópur og vert að geta þess að fólkið á fjörðunum hérna í kring hefur verið mjög duglegt við að koma.

Það hefur í rauninni komið okkur mjög á óvart hvað er mikið sótt hingað frá nágrannabyggðum Ísafjarðar. Sérstaklega mikið úr Dýrafirðinum. Manni finnst það ótrúlegt þegar fólk er að koma alla þessa leið að vetri til að sækja námskeið.“

Fyrsta styrkumsóknin til bæjarstjórnar

Margrét: „Fyrsti fundurinn okkar með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar var erfiður. Skilaboðin voru að við værum ekki framarlega í forgangsröðinni og okkur fannst það mikil höfnun. Fyrsti styrkurinn frá bænum kom síðan haustið 1999 upp á 120 þúsund á mánuði.

Þessu miðar hægt og bítandi áfram og við höfum alltaf verið glöð yfir hverjum áfanga. Bærinn hefur heldur ekki endalaust fé að moða úr og auðvitað skilur maður þá klemmu sem menn eru í við að útdeila því.“

Pétur: „En starfsemin á nú líka að vera liður í að efla bæjarfélagið, *á móti brimsins böli,* eins og við sögðum einhvern tíman.

Það er eins og ein kona sagði við mig, að allt sem væri um að vera í Edinborg, bæði hjá skólanum og í menningarmiðstöðinni, styrkti hennar trú á bænum, þó hún væri ekki mikið í að sækja viðburði eða námskeið sjálf. Henni einfaldlega liði betur vitandi af þessu lífi í bænum.“

Balletáhugamenn berja í borðið

– Stofnanirnar sem starfa í Edinborgarhúsinu hafa verið ansi nátengdar í gegnum tíðina og oft er litið á starfsemina í húsinu sem eina heild, er það svo?

Jón: „Í upphafi var Listaskólinn svo samtvinnaður menningarmiðstöðinni í Edinborg af því hún hafði ekki húsnæði. Þá voru þeir sem störfuðu við skólann að undirbúa viðburði og slíkt. Síðan hafa mörkin verið að skýrast þó þessar stofnanir tengist að sjálfsögðu.

Þetta byrjaði allt undir sömu kennitölunni í upphafi þó nú sé búið gera formið betur úr garði.“

– Skólinn hefur staðið fyrir fjölbreyttum námskeiðum, mætti jafnvel segja að ekkert mannlegt sé honum óviðkomandi?

Margrét: „Að minnsta kosti er honum fátt óviðkomandi. Það er svo skemmtilegt að hugmyndirnar að þessum námskeiðum koma úr öllum áttum. Jóna Símonía Bjarnadóttir , héraðsskjalavörður, vildi t.d. hafa kaffinámskeið, og Rósa Þorsteinsdóttir, í Gamla bakaríinu, stakk upp á kertanámskeiði. Við höfum reynt að mæta hugmyndum fólks og ábendingum. Mörg fleiri námskeið hafa komið svona utan að ef svo má segja. T.d. var stungið að okkur hugmyndinni um að hafa námskeið fyrir krakka í að syngja í hljóðkerfi.

Svo fáum við ýmiskonar hvatningu frá samfélaginu, t.d. var mjög þrýst á við héldum áfram með listdanskennslu. Þar rákumst við á hvern veggginn á fætur öðrum við að fá kennara og ég missti það út úr mér við ágæta konu hér í bæ að ég væri alveg að gefast upp á þessu. Hún leit á mig hvöss og sagði *þú klifrar þá bara yfir vegginn!.* Ég vissi ekki mitt rjúkandi ráð og svaf ekki næstu nótt. Hún lamdi í borðið til að leggja áherslu á málið – enda sendi hún okkur blómvönd á afmælishátíðinni.

Síðan höfum við átt góð tengsl við ýmsa aðila, í gegnum tíðina. Farskóli Vestfjarða, sem var fyrirrennari Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, stóð fyrir ýmiskonar námskeiðahaldi og Guðmundur Einars-

son sem sá um það starf var mjög hvetjandi í okkar garð. Iðulega ef til stóð að halda einhver námskeið á sviði lista þá kom hann þeim til okkar.“

Kerfið léttara en á stærri stöðum

– Nú hafa komið upp hugmyndir um að þið bjóðið í samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði upp á undanfaranám að námi í Listaháskóla Íslands, hvernig er það mál statt?

Margrét: „Jú það er næsta verkefni hjá okkur. Í vor skrifuðum við undir samning þess efnis að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ætlaði að styðja okkur í að fá það í gegn. Þetta snýst náttúrlega allt um peningamálin, að sveitarstjórnirnar greiði það sem þeir beri og ríkið sjái um sitt. Við sóttum um að fá styrk frá Menntamálaráðuneytinu eins og Myndlistarskólinn á Akureyri, Myndvert því það kom í ljós að Akureyrarbær er það mikið stærri en Ísafjarðarbær að hlutirnir virtust ganga mikið hægar fyrir sig og vera þyngri í vöfum þar en hér. Skólastjóri Listdansskólans hafði uppi hugmyndir um að senda kennara út á land og þegar Katarina Pavlova, sem hafði kennt hér, hætti síðasta vor þá leitaði ég til hans. Að sama skapi var áhugi á Akureyri og formaður menningarmálanefndar þar hefur samband við mig upp á að við þrýstum í sameiningu á ráðuneytið að veita Listdansskólanum samþykki fyrir að senda kennsluna út á land.

Það þurfti ekki meira til. Verkefnið átti ekki að þýða aukin útgjöld fyrir skólann því við áttum að sjá um að taka á móti kennurunum og útvega húsnæði. Á endanum hringdi ég í Einar Odd Kristjánsson, alþingsmann, og spurði hvort hann væri ekki til í að hringja í Tómas Inga Olrich, menntamálaráðherra, og biðja um samþykkið – losna frá línuúvilnun í smástund og hugsa um litlar ballerínur í staðinn. Það gekk í gegn. Við vorum búin að reyna að fara beint í ráðuneytið og mættum eintómum hindrunum þar.

Það gerðist ekkert hjá Akureyringum í málinu en þar voru fimmtíu nemendur tilbúnir að byrja. Þeir sögðust einfaldlega þurfa að bíða og sjá, kerfið það þyngra en hjá okkur að málið tæki miklu lengri tíma.

Ég held líka að það sé óhætt að segja að þingmennirnir okkar hafa sýnt málefnum skólans og Edinborgarhússins mikinn skilning.“

Framkvæmdir framundan

Jón: „Það er svo gaman t.d. á vatnslitanámskeiðunum þegar maður fær til sín fólk sem hefur aldrei dýft pensli í lit. Allt í einu rennur upp fyrir því að það getur búið eitthvað til.“

Margét: „Eins er gaman að fylgjast með krökkunum sem byrja í keramikkennslu í 8. bekk og síðan eru þau farin að skila frá sér góðum nytjahlutum innan fárra missera. Þannig skilar þetta stúss sér á endanum.“

– Er það jafnvel niðurstaðan að fyrstu tíu árin hafi farið í að fá viðurkenningu fólksins og kerfisins?

Pétur: „Já ætli það ekki, við höfum a.m.k. lært mikið í þolinmæði á þessum tíu árum en viðgangur skólans hefur líka haldist í hendur við vöxt við uppbyggingu húsnæðisins.“

Margrét: „Nú erum við einmitt komin á það stig að aðstaðan er orðin fullþröng, þegar er t.d. gítarnámskeið, söngnámskeið og píanókennsla í gangi allt í einu þá er fullmikið um að vera á sama punktinum og helst til mikill hávaði. Þannig þurfum við að geta betrumbætt aðstöðuna með meiri hljóðeinangrun og slíku.“

Pétur „Fljótlega á næsta ári verður farið að bjóða út framkvæmdir í húsinu á grundvelli samkomulagsins um menningarhús á landsbyggðinni.

Auðvitað er þetta ótrúlegur árangur á ekki lengri tíma. Við náttúrlega gerum ekki neitt nema hafa fólkið með okkur og því er ástæða til að þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í þessari uppbyggingu“, sagði Pétur Guðmundsson einn af frumkvöðlunum að baki Listaskóla Rögnvaldar Ólafsonar og félagar hans taka undir.

ngri tíma“

listarskólinn í Reykjavík og Myndlistarskólinn í Kópavogi. Þáverandi ráðherra vildi ekki fallast á að við værum með sambærilega kennslu í boði og þessir skólar en við viljum meina að við getum það. Við viljum bjóða upp á fasta kennslu. Það eru nemendur að fara héðan af því þeir eiga ekki möguleika á að stunda MÍ með listnám sem braut.“

– Að Listaháskólanum eru vissar inntökukröfur en það er eins og ekki hafi verið gert ráð fyrir að fólk gæti uppfyllt þær kröfur utan Akureyrar og Reykjavíkur.

Jón: „Nei það er nákvæmlega þannig.“

Margrét: „Þó er gaman að geta þess að það eru nemendur héðan í framhaldsnámi í Listaháskólanum en síðan veit ég af menntaskólanemum sem ætla að færa sig um set af því þeir komast ekki á hönnunareða listabraut við MÍ. Skólameistari MÍ rekst náttúrlega á sömu veggi og við í ráðuneytinu hvað þetta mál snertir. En þetta er næsta baráttumál.“

Jón: „Þetta er samfélagslegt mál og snýst um að geta haldið fólki hérna lengur.“

– Hafið þið getað átt samstarf við aðra landshluta um uppbyggingu kennslunnar?

Margrét: „Við vorum í sambandi við Akureyringa og ætluðum að vera í samfloti við þá um að fá balletkennsluna út á land. Það var mjög athyglis-

Margrét: „Hann var ekki hræddur við neitt og kunni tökin á að ganga frá svona málum.

Hjónin Margrét Gunnarsdóttir og Jón Sigurpálsson.

Störfum við fiskveiðar á Vestfjörðum

Hefur fækkað um 36,5% frá árinu 1998

Störfum við fiskveiðar hefur fækkað allra starfa mest á Vestfjörðum á síðustu árum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Þau voru 850 árið 1998 en voru 540 á árinu 2002. Af öðrum störfum má nefna að störfum í landbúnaði fækkað um 10 og voru á síðasta ári um 200. Störfum í fiskvinnslu fækkaði úr 980 í 920.

Í iðnaði fækkaði störfum um 30 og í verslun og viðgerðarþjónustu fækkaði um 20 störf. Athyglisvert er að þrátt fyrir mikla umræðu um eflingu ferðaþjónustu þá fækkar störfum í hótel og veitingahúsarekstri á þessu tímabili úr 100 í 90 og störfum í samgöngum og flutningum fækkar úr 270 í 220.

Í sumum flokkum hefur störfum fjölgað á þessu tímabili. Í fjármálaþjónustu hefur störfum fjölgað úr 120 í 130. Í fasteigna- og viðskiptaþjónustu hefur störfum fjölgað úr 110 í 140 og í heilbrigðis- og félagsþjónustu hefur störfum fjölgað úr 380 í 430. Í opinberri þjónustu hefur störfum fjölgað á þessu tímabili úr 420 í 480 en athygli vekur að störfum þar hefur verið að fækka á allra síðustu árum. Þau voru flest 510 árið 2000 en eru árið 2003 480 talsins.

Á árinu 2002 voru störf í fiskvinnslu og fiskveiðum 32 % af heildarstörfum á Vestfjörðum en voru 37,5 % af störfum árið 1998. Hlutfall starfa í fiskvinnslu og fiskveiðum er samt sem áður margfalt hærra hér en á landinu öllu. Hlutfall þeirra starfa á landinu öllu fór úr 10% árið 1998 í 7.9% árið 2002.

Vestfirðir er sá landshluti þar sem hlutfall starfa í fiskveiðum og fiskvinnslu er langhæst.. Sá landshluti sem næst kemur er Austurland með 26 % og þar á eftir eru Suðurnes með tæp 18 % starfa í þessum greinum. Vesturland er með 17 %, Norðurland eystra er með 15 %, Norðurland vestra er með 13 %, Suðurland 12 % og aðeins 2% starfa á höfuðborgarsvæðinu eru störf í fiskvinnslu og fiskveiðum.

Lögsýn flytur

Lögsýn, lögfræðistofa Björns Jóhannessonar hdl. á Ísafirði hefur flutt yfir Silfurtorg, í Stjórnsýsluhúsið og mun þar deila skrifstofu með lögfræðistofu og fasteignasölu Trygga Guðmundssonar hdl. Lögsýn hefur verið til húsa á 3. hæð í Aðastræti 24 frá því Björn hóf rekstur stofunnar í mars árið 1992. Björn segir lögfræðirekstur þeirra Tryggva verða algerlegan aðskilin áfram en með því að samnýta húsnæði nýtist annað starfsfólk stofanna betur og hægt verði að samnýta tæki. Hann segist ekki telja hættu á að árekstrar komi upp á milli þeirra kollegana enda rói þeir á ólík mið í starfseminni og megi telja á fingrum annarrar tilvikin þegar þeir hafi mæst sem andstæðingar í málum.

– kristinn@bb.is

Kollegarnir Tryggvi og Björn á skrifstofunni í Stjórnsýsluhúsinu.

Lögreglan á Ísafirði

Fíkniefnamálum fjölgar á milli ára

Fíkniefnamálum hjá lögreglunni á Ísafirði fjölgaði úr 19 árið 2001 í 34 árið 2002 samkvæmt ársskýrslu Sýslumannsins á Ísafirði. Heildarmagn haldlagðra efna dróst hins vegar saman úr rúmlega 125 gr. árið 2001 í rúm 90 gr. árið 2002.

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn, segir að almennt sé umfang fíkniefnamála að aukast hjá embættinu. Tvö mál hafi komið upp á árinu 2001 þar sem mjög mikið magn fíkniefna hafi verið haldlagt sem geri það óvanalegt í samanburði.

Mest var tekið af kannabisefnum eða rúmlega 32 gr. Þá var lagt hald á tæp 32 gr. af sveppum, 20 E-pillur, liðlega hálft gr. af kókaíni, rúm 15 gr. af amfetamín og rúm 11 gr. af óskilgreindum efnum sem Önundur segir í flestum tilvikum vera ýmis lyfseðilsskyld lyf í höndum þeirra sem ekki hafa fengið þeim ávísað. *– kristinn@bb.is*

Ásdís Pálsdóttir, sveitarstjóri á Hólmavík.

Brynjólfur Gíslason, bæjarstjóri í Vesturbyggð.

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri á Reykhólum.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Ólafur M. Birgisson, sveitarstjóri á Tálknafirði.

Hvað segja bæjar- og sveitarstjórarnir um liðið ár og árið framundan?

Jón Helgason prófessor í Kaupmannahöfn sagði einhverju sinni í ræðu að áramótin væru í sjálfu sér eins og hver önnur mannaverk sem ekki væri ástæða til að taka með miklum hátíðleik. Þau táknuðu ekki annað en það að mönnum hafi komið saman um að á þessari tilteknu stundu skuli breytt um tölustafi í ártalinu. Þrátt fyrir þessa skoðun skáldjöfursins Jóns eru þeir margir sem finnst þetta hátíðleg tímamót. Góður tímapunktur til þess að líta yfir farinn veg og spá í framtíðina. Meðal þeirra sem oftar en ekki þurfa að líta í kringum sig og sína eru stjórnendur sveitarfélaga. Bæjarins besta óskaði eftir því að bæjar og sveitarstjórar á Vestfjörðum settu niður á blað hugleiðingar í framhaldi af eftirfarandi spurningum:

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Svör þeirra fara hér á eftir.

Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri á Hólmavík

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Af eftirminnilegum atburðum á innlendum vettvangi má fyrst nefna þær miklu sviptingar sem urðu á fjármálamarkaðinum og breytingar á eignaraðild í fyrirtækjum. Afleiðingar þessara breytinga eiga eftir að koma fram í dagsljósið og verður fróðlegt að fylgjast með framvindu mála á nýju ári. Þá eru framkvæmdirnar við Kárahnjúkavirkjun einnig ofarlega í huga sem og kosningarnar til Alþingis í byrjun sumars.

Hvað varðar þá atburði sem standa nær mínu sveitarfélagi kemur fyrst upp í huga mér útnefning Jóns Jónssonar á Kirkjubóli á Ströndum sem ferðamálafrömuður ársins af útgáfufélaginu Heimi og er hann vel að þeirri viðurkenningu kominn. Þakka ég ekki síst hans framtaki þá miklu aukningu ferðamanna hér á Ströndum á líðandi ári. Eins var ánægjuleg fréttin á árinu um að veita ætti aukalega fé til vegaframkvæmda á Vestfjörðum um einn milljarð króna og veit ég að margir eru sammála um að ekki sé vanþörf á. Þá er einnig eftirminnilegt vel heppnað unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði sem var öllum, er að því komu, til mikils sóma.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Af atburðum á erlendum vettvangi er innrásin í Írak eftirminnilegust og handtaka Saddams Husseins. Varla líður sá dagur að ekki fréttist af dauðsföllum vegna skæruhernaðar á svæðinu og óneitanlega spyr maður hvort rétt hafi verið að málum staðið í ljósi reynslunnar af innrásinni í Afganistan og stöðu mála þar. Eins er ófriðurinn á milli Ísraela og Palestínumanna ofarlega í sinni og fer vonin um varanlegan frið á þessu svæði dvínandi. Þá er morðið á Önnu Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, sú frétt sem situr einnig eftir, þegar litið er til baka á líðandi ár.

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Hvað mig sjálfa varðar þá er eftirminnilegust hestaferðin í sumar með Svaðilfara sem farin var í byrjun júlímánaðar. Lagt var af stað frá Laugalandi og farið sem leið lá með Snæfjallaströndinni og yfir í Grunnavík. Þaðan var farið yfir í Leirufjörð og Hrafnfjörð og haldið á Skorarheiði yfir í Furufjörð. Áfram var haldið yfir í Þaralátursfjörð, Reykjarfjörð og Skjaldabjarnarvík og síðan upp Meyjardalinn, yfir Drangajökul og niður í Skjaldfannardal. Þessi ferð verður ógleymanleg fyrir margar sakir og er vonandi aðeins sú fyrsta af mörgum um náttúruperluna Vestfirði.

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Eins og þorri landsmanna vonast ég til að komandi ár verði friðsælla en árið á undan og okkur lærist að lifa í sátt og samlyndi. Þá vænti ég þess að hafnar verði framkvæmdir á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal til þess að styrkja byggðirnar á þessu svæði. Einnig vil ég sjá áframhaldandi aðgerðir, frá stjórnvöldum jafnt sem heimamönnum, sem styrkja búsetuskilyrði hér á Vestfjörðum s.s. með bættum samgöngum, fjölbreyttara atvinnulífi og aukinni þjónustu. Að endingu vænti ég þess að við stöndum saman um að gera árið 2004 að ári Vestfirðinga.

Að lokum vil ég nota tækifærið og óska öllum gæfu og velfarnaðar á komandi ári.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Síðasti vetur var mildur og snjóléttur. Sumarið einstaklega gott og Landsmót UMFÍ á Ísafirði um verslunarmannahelgina var mjög vel heppnað. Til að svo mætti verða fór fram myndarleg uppbygging íþróttamannvirkja á Torfnesi. Framkvæmdir á vegum bæjarins voru með meira móti á árinu sem er að líða.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Miðjarðarhafs en þar virðist ástandið versna sífellt. Náttúruhamfarir víða um heiminn eru miklar, nú síðast gríðarlegt manntjón í Íran vegna jarðskjálfta.

Það slær mig hversu ónæmur maður er fyrir öllum þessum hrikalegu atburðum sem sýndir eru í sjónvarpinu, þetta er langt í burtu og snertir okkur ekki hér á Íslandi – eða hvað? Gerum við okkur grein fyrir hversu gott við höfum það í samanburði við stærstan hluta heimsbúa?

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Góðar stundir með fjölskyldunni í sumarfríi í bústaðnum okkar. Vel heppnað Ögurball og góð myndasýning konu minnar í Samkomuhúsinu í Ögri. Börnin vaxa hratt og samvera með þeim þarf að vera meiri. Árið var án stórtíðinda í einkalífinu en þannig á það að vera.

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Ég ber sömu væntingar og til liðinna ára, þ.e. að árið verði okkur hagstætt og við berum gæfu til að standa saman um mikilvæga þætti samfélagsins. Það verða auðvitað einhverjar ágjafir á árinu en við eigum að standa þær af okkur minnug þess að hér er gott að búa og það er okkar sjálfra að sjá til að svo verði áfram.

Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Reykhólahrepps

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Hvað landsmálin varðar kemur fyrst upp í hugann sá kraftur sem verið hefur í íslensku viðskiptalífi og þau miklu uppskipti sem þar urðu á árinu. Það virðist vera bjart yfir íslensku þjóðlífi og góðar horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Íslendingar virðast hafa allar forsendur til að skapa sér bjarta framtíð í þessu landi. Mikilvægt er þó að forðast óþarfa togstreitu á milli höfuðborgarsvæðis og hinna dreifðari byggða. Að mörgu leyti hefur byggðin úti á landi átt undir högg að sækja en sjálfur hef ég reyndar tröllatrú á landsbyggðinni og held að að mörgu leyti sé hvergi betra að vera en þar. Það er líka lífsnauðsynlegt fyrir íbúa suðvesturhornsins að hafa gott og traust bakland í öðrum landshlutum.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Því miður koma fréttir af hryðjuverkum fyrst upp í hugann. Það er orðinn daglegur viðburður að heyra um fólk sem sprengir sig í loft upp í sjálfsmorðsárásum til þess að eyðileggja eins mörg mannslíf og það getur um leið og það tekur sitt eigið. Ástæðan er hatur. Ég er sjálfur alinn upp í skugga frétta af Víetnam-stríðinu en mér verður oft hugsað til þess hvað börnin mín séu að hugsa þegar þau heyra þessar fréttir um öll þessi grimmdarverk. Ég held þó að þrátt fyrir allt sé gott hjartalag að finna í flestum manneskjum og vil trúa á hið góða í mönnunum.

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Árið 2003 var fyrsta heila árið mitt í starfi sveitarstjóra. Það er talsverð breyting að koma frá rekstri einkafyrirtækis í rekstur sveitarfélags. Þrátt fyrir að Reykhólahreppur sé fámennt sveitarfélag eru verkefnin mörg og ótrúlega fjölbreytt. Mig grunar reyndar að framkvæmdastjórar sveitarfélaga búi við einhverja mestu fjölbreytni í starfi sem þekkist. Skemmtilegast var þó að kynnast íbúunum hérna betur, þessu stórkostlega landssvæði (1.150 ferkílómetrar fyrir utan óteljandi eyjar) og sjá fyrir sér hvaða vaxtarmöguleikum sveitarfélagið mitt býr yfir.

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Hvað Reykhólahrepp varðar vonast ég til að nýtt íþróttahús rísi á árinu á Reykhólum. Þetta

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík.

er stórframkvæmd á mælikvarða lítils sveitarfélags og ég vona að hún muni auka íbúum hér kjark og þor og trú á sveitarfélagið til framtíðar. Þar að auki vona ég að samgöngur batni enn á árinu en sannleikurinn er sá að íbúar Reykhólahrepps eru í ótrúlega slæmu vegasambandi við aðra hluta Vestfjarða. Þetta er merkileg staðreynd, ekki síst í ljósi þess að Reykhólar eru ekki útkjálki. Þvert á móti er enginn þéttbýlisstaður á Vestfjörðum nær höfuðborgarsvæðinu en Reykhólar (að Borðeyri við Hrútafjörð e.t.v. einni undanskilinni!).

Ólafur M. Birgisson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Undirritaður var samningur við ríkið um verkefni í dreifmennt í V.- Barðastrandasýslu sem sveitarfélögin binda miklar vonir við. Uppbygging vega um Klettsháls og Bröttubrekku, algjör bylting í samgöngumálum. Uppbyggingin á Austurlandi, sýnir hvað hægt er að gera í byggðamálum ef áhugi er fyrir hendi, frábært að sjá Austurland vera að blómstra. Alþingiskosningarnar voru ansi skrautlegar og yfirboðin mörg. Einhvern veginn fannst mér skynsemin í málflutningi allra framboða fara út í veður og vind þegar nálgaðist kjördag.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Írak stríðið hefur sett stórann svip á árið sem er að líða. Það var orðið nauðsynlegt að ná Saddam til að missa ekki alveg tökin í stríðinu. Manchester United varð enskur meistari sem er alltaf jafn frábær tilfinning (ótrúlegt hvað skapið getur sveiflast með gengi liðsins).

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Það stendur uppúr að við hjónin eignuðumst stúlku 6. september, algjör gullmoli, er að ganga í gegnum erfið veikindi en brosir alltaf sínu blíðasta. Einnig er vert að geta þess að Púkarnir, sem er „old boys“ knattspyrnulið hér í Tálknafirði, vann sinn fyrsta sigur á Pollamóti Þórs á Akureyri og það í fjórðu tilraun (í árum talið).

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Það eru miklir umbrotatímar í sveitarstjórnamálum t.d. sameiningar sveitarfélaga. Þar verða að fara að liggja fyrir einhverjar línur fyrir framtíðina. Þetta hangir yfir endalaust án þess að búið sé að setja fram með sterkum rökum hverju eigi að ná fram. Ég vona að aðstæður útgerða og fiskvinnslu verði betri árið 2004 heldur en 2003, það er grundvallar atriði fyrir sveitarfélag eins og Tálknafjarðarhrepp. Að Vestfirðingar detti í lukkupottinn varðandi atvinnurekstur sem gæti verið akkeri með fiskveiðum og vinnslu. Að Englendingar verði Evrópumeistarar í fótbolta (óskhyggja). Að lokum óska ég Vestfirðingum og öðrum landsmönnum gleðilegs nýs árs og þakka fyrir samskiptin á liðnum árum.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Það var margt eftirminnilegt sem bar upp á, á nýliðnu ári. Á landsvísu er einna minnisstæðast þegar síðastliðið sumar byrjað var á virkjunarframkvæmdum á hálendi Austurlands, sem eiga eftir að hafa miklar og jákvæðar breytingar í för með sér fyrir sveitarfélögin og íbúa þess á Austurlandi og munu efla þá sýn þjóðarinnar á að landsbyggðin geti verið eftirsóknarverður og öflugur búsetustaður. Einnig er minnisstætt þær uppstokkanir og eignahaldsbreytingar sem áttu sér stað á fyrirtækjum og stofnunum hér á landi. Oft stórtæk, innskiljanleg inngrip og afskipti fjármálastofnana inn í íslenskt atvinnulíf og samhliða því hefur verið athyglisvert að fylgjast með hugtakinu „siðferði í viðskiptum" sem mér finnst oft á tíðum hafa farið halloka og skemmt fyrir mörgum góðum fyrirtækjum og stofnunum. Það verður verkefni næsta árs og ára að móta nýjar og skerpa á eldri leikreglum sem virðist vera orðið mikilvægt í því samfélagi sem við lifum í.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Á erlendum vettvangi eru þung mál minnisstæðust, fyrst ber að nefna innrásina í Írak sem gerð var í mars og þess ástands sem þar ríkir nú og ekki er séð fyrir endann á. Morðið á Önnu Lindh utanríkisráðherra Svíþjóðar í september síðastliðnum og síðast en ekki síst sá hörmulegi atburður sem átti sér stað í Íran í desember þar sem hátt í 40. þúsund manns létust í jarðskjálftanum. Þar sáum við enn og aftur hvað náttúruöflin geta verið óvægin og hvað við megum okkur lítils á slíkum stundum.

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða

Hvað mig varðar er það einna eftirminnilegast að fá Ester dóttir mína til landsins og kynnast henni en ég hafði ekki séð hana í 17 ár þar sem hún hefur búið erlendis, en við höfum ætíð haldið símasambandi og síðustu ár einnig netsambandi. Ester, sem er 19. ára var hjá okkur í fimm vikur og ferðuðust við, fjölskyldan með henni þvert og endilangt um landið á þeim tíma og er óhætt að segja að þar hafi okkur einnig gefist tækifæri á að kynnast landinu frá öðru sjónarhorni, þar sem við settum okkur í nánd við landið eins og hægt er að ímynda sér að erlendir ferðamenn geri þegar þeir sækja landið heim. Einnig er minnisstætt á árinu, ánægjulegt og árangursríkt samstarf með starfsmönnum Súðavíkurhrepps og allra íbúa sem ég hef átt samskipti við á árinu. Er ég lít til baka er ekki annað hægt en að vera sáttur við þann árangur sem við höfum náð í sveitarfélaginu, þó alltaf megi gera meira og betur, en það verður á verkefnalista fyrir árið 2004.

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Ég ber mikilar væntingar til ársins 2004. Sjálfur mun ég leggja mig fram um að vanda mig og gera betur á nýju ári, bæði í einkalífi og starfi. Í mínu sveitarfélagi sé ég framundan mörg krefjandi og áhugaverð verkefni til að vinna að og fylgja öðrum eftir sem þegar eru komin af stað.

Ég trúi því að á árinu munum við fara að stíga upp úr þeim tímabundna öldudal sem við höfum verið í hér á Vestfjörðum, út frá atvinnu og búsetulegum skilningi séð. Við erum komin inn í nýtt hagvaxtarskeið sem á eftir að eflast á árinu og leiða af sér ný og áhugaverð sprotafyrirtæki og efla önnur. Ég vænti þess að tímabili fólksfækkunar á Vestfjörðum sé nú að mestu lokið og framundan sé hæg en örugg fjölgun íbúa. Þetta er háleit en raunhæf sýn, og það skemmtilega við þetta er að það er undir okkur komið hvernig til tekst.

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Það eru nokkur atriði sem koma upp í hugann og þá sérstaklega miklar breytingar á fjármálamarkaði. Þar ber hæst sala ríkisbankanna, sameining Kaupþings og Búnaðarbanka og nú hugsanlega Spron. Launamál Kaupþingsmanna voru áberandi og þau viðbrögð sem urðu við því sem kallað hefur verið sjálftaka launa. Gríðarlegar breytingar urðu á eignarhaldi stærstu fyrirtækja landsins og sér ekki fyrir endann á þeim. Alþingiskosningar eru líka eftirminnilegar og það vakti athygli hvað sjávarútvegsmálin voru áberandi í umræðunni og einnig hvað Evrópumálin voru lítið til umræðu. Á vettvangi íþróttanna er árangur knattspyrnulandsliðanna mér ofarlega í huga og ásamt afar skemmtilegu unglingalandsmóti sem fram fór á Ísafirði.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Stríðið í Írak er ofarlega í huga og tel ég mjög mikilvægt að Saddam hafi náðst þó seint væri. Mikið hefur verið um sjálfsmorðsárásir og hriðjuverk sem ég er hræddur um að eigi eftir að verða yfirvofandi vá um ókomin ár. Morðið á Önnu Lind var ógeðfellt og vakti athygli á þeirri hættu sem stjórnmálamenn geta verið í vegna sinnar vinnu. Náttúruhamfarir settu svip sinn á árið og voru jarðskjálftar þar fyrirferðamiklir, gríðarlegt mannfall í jarðskjálftanum í Íran er óhugguleg og mér ofarlega í huga.

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Það er að sjálfsögðu nýtt starf mitt sem bæjarstjóri og flutningur fjölskyldunnar til Bolungarvíkur. Í vor útskrifaðist svo Aníta eiginkona mín sem rekstrafræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og tók við nýju starfi og sonurinn Ólafur Atli byrjaði í nýjum skóla. Við fórum í skemmtilegar útilegur á ættarmót, fótboltamót og unglingalandsmót en annars var lítið um frí á árinu.

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Í starfi vona ég að mér og mínu samstarfsfólki takist að ná sem flestum markmiðum okkar er varða hagsmuni Bolungarvíkur og ég láti gott af mér leiða í starfi mínu. Í einkalífinu held ég að árið eigi eftir að verða fjölskyldunni gleði- og hamingjuríkt. Markmiðið er að reyna að komast í betra frí en síðasta ár og hafa meiri tíma fyrir fjölskylduna og áhugamálin. Ég er bjartsýnn á að árið 2004 verði gæfuríkt ár.

Brynjólfur Gíslason, bæjarstjóri í Vesturbyggð

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum á innlendum vettvangi á árinu sem er að líða?

Eftirminnilegustu atburðirnir af innlendum vettvangi eru Íslandsmeistaratign KR í knattspyrnu karla, sem ætíð er fagnaðarefni og samningur um dreifmenntarverkefni í V-Barð.

Hvað er að þínu mati eftirminnilegast af atburðum af erlendum vettvangi á árinum sem er að líða?

Af erlendum merkisatburðum ber einnan helst að Swartzenegger var kjörinn ríkisstjóri í Kaliforníu - og Keikó drapst við Noregsstrendur.

Hvað er eftirminnilegast á árinu hvað þig sjálfa(n) varðar á árinu sem er að líða?

Eftirminnilegast hvað sjálfan mig varðar árið 2003: óvenjulega lélegt veiðiár. Aðeins ein stutt veiðiferð á Arnarvatnsheiðina - og Siv lokaði á rjúpnaveiðina (hafi Siv þakkir fyrir).

Hvaða væntingar berð þú til ársins 2004?

Þó ekki sé liðnir nema tæplega tveir dagar af árinu 2004 er ljóst að það verður fyrirsjáanlega betra ár en 2003, í alla staði.

Ertu orðinn áskrifandi?

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einbýlishús úr timbri ásamt fyrirtæki um kleinubakstur. **Tilboð óskast**

Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. **Verð 10,2 m.kr.**

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótlega. **Verð 4,8 m.kr.**

Móholt 2: 141,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 13,2 m.kr.**

Norðurvegur 2: 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og ræktaðri eignarlóð. **Verð 9,7 m.kr.**

Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 16 m.kr.**

Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**

Silfurtorg 1: 104 m² ´3-4 herbergja íbúð á 3. hæð í þríbýlishúsi. Bílastæði á baklóð. **Tilboð óskast**

Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg . **Verð 6,8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Engjavegur 31: 92,1 m² 3ja herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi í góðu standi. **Verð 5,8 m.kr.**

Fjarðarstræti 6: 113,5 m² 3ja herb. íbúð í fjölb.húsi ásamt geymslu. **Verð 5,7 m.kr.**

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5 m.kr.**

Hlíf II Tornesi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæði í Dvalarheimili aldraðra. **Verð 6,9 m.kr.**

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

Urðarvegur 80: 100 m² íbúð á 3. hæð í góðu standi. Fallegt útsýni. **Verð kr. 7,3 m.kr.**

Nuddstofa:

Nudd-, dekur- og sólbaðsstofa með leiguaðstöðu í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði:

Hrannargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. **Verð 4 m.kr.**

Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

Bolungarvík

Heiðarbrún 7: 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt tvöföldum innbyggðum bílskúr. **Verð 10 m.kr.**

Suðureyri:

Aðalgata 16: 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

smáar

Til sölu er Nissan Micra árg. 96, 5 dyra. Bifreiðin lítur mjög vel út og er ekin 91 þús. km. Uppl. í síma 868 2664 og 477 1041.

Til sölu eða leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Öll tilboð skoðuð. Upplýsingar í síma 690 2100.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Uppl. í símum 456 3928 eða 456 4323.

Óska eftir að taka á leigu 4-5 herb. íbúð, helst í Holtahverfi. Á sama stað óskast geislaspilari. Uppl. í síma 893 4857.

Til sölu er vínrauður Subaru Legacy ST, árg. 2000, sjálfskiptur, ekinn 33 þús. km. Uppl. í síma 456 6158 eftir kl. 17.

Til sölu er Nissan patrol SE 2,8, árg. 1998, breyttur fyrir 35", ekinn 100 þús. km., hvítur að lit, vetrar- og sumardekk. Uppl. í síma 862 7826.

Hvolpar fást gefins. Upplýsingar í síma 456 3184.

Til sölu er 4ra herb. blokkaríbúð á eyrinni á Ísafirði. Mikið uppgerð Uppl. í síma 661 5042.

Netheimar ehf.

Vinningshafar í jólaleik

Þrír heppnir Vestfirðingar hafa verið dregnir út í jólaleik tölvuþjónustunnar Netheima á Ísafirði. Í fyrsta vinning er MP3 spilari að verðmæti kr. 11.999 sem kom á miða nr. 216.

Annar vinningur, DVD spilari að verðmæti kr. 9.999 kom á miða nr. 1067 og þriðja vinninginn, þráðlausa mús að verðmæti kr. 4.999, hlýtur handhafi miða nr. 1792. Vinningshafar geta vitjað vinninga hjá Netheimum í Aðalstræti 18 á Ísafirði.

Framvísa verður dreifibréfi með útdregnu númeri til að vinningur teljist gildur.

– kristinn@bb.is

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Snilldarréttir, dans, söngur og flugeldar

Nýársfagnaður SKG-veitinga var haldinn á Hótel Ísafirði á laugardagskvöldið að viðstöddu fjölmenni. Veislustjóri var Kristrún Lind Birgisdóttir frá Flateyri og sá söngtríóið Eyrarrósirnar um að skemmta gestum. Matreiðslumenn SKG-veitinga töfruðu fram hvern snilldarréttinn á fætur öðrum. Á miðnætti var síðan flugeldasýning og loks stiginn dans við undirleik Baldurs og Margrétar. Ljósmyndari bb.is tók meðfylgjandi myndir á fagnaðinum. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni. – *hj@bb.is*

STAKKUR SKRIFAR

Fækkun og framtíðin

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Nú hefur komið í ljós að Vestfirðingum hefur fækkað um 95 á liðnu ári. Svo segir Hagstofan og notar tímabilið 1. desember 2002 til jafnlengdar 2003. Ýmislegt fleira fróðlegt kom í ljós, þar á meðal að Vestfirðingar eru samkvæmt þessu 7.835 og tveir þriðju hlutar þeirra búa á norðanverðum Vestfjörðum. Þriðjungurinn dreifist því um Strandasýslu og Barðastrandarsýslur. Það dregur nokkurn mátt úr mönnum að sjá hve fækkun íbúa á Vestfjörðum er stöðug. Þá kemur einnig í ljós að á liðnu ári fæddust alls 49 börn á Ísafirði á móti 62 árið 2002. Á Patreksfirði fæddust aðeins tvö börn, en þar komu 20 til ungbarnaeftirlits og ætla má að 18 nýir Vesturbyggðungar hafi fæðst annars staðar. Ljóst er að börn fæðast í auknum mæli syðra, væntanlega á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Valið verður framvegis í þá veruna að börn fæðist á fullkomnari sjúkrahúsum. Það er skiljanlegt, en skilar sennilega ekki fullkomnari börnum. Fróðlegt væri að sjá tölur um fæðingar barna sem eiga foreldra í Ísafjarðabæ, Bolungarvík og Súðavíkurhreppi, en hafa komið í heiminn annars staðar.

Mest fækkaði í Vesturbyggð, um 47 og um 26 í Ísafjarðarbæ. Í fyrrnefnda sveitarfélaginu búa innan við 1.100 manns og í því síðar nefnda ríflega 4.100 íbúar, rúmur helmingur Vestfirðinga. Hvað um framtíðina? Vonir okkar um viðsnúning sýnast ekki rætast samkvæmt þessu. Þróunin hefur verið stöðug fólksfækkun, brottflutningur og færri fæðingar. Ekki hillir undir ný tækifæri á vinnumarkaði. Sjávarútvegurinn hefur verið lífæðin, en innan hans skiptast menn í fylkingar með og á móti línuívilnun, eins glöggt hefur komið fram í ummælum Einars Vals Kristjánssonar framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. Hann sér lítið gagn af því að taka aflaheimildir frá einum og færa til annars með þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum að atvinna minnki hjá þeim sem af er tekið, í þessu tilviki HG. Deilt er um hugmyndina að háskóla á Vestfjörðum, sem er af góðum rótum sprottin, en getur reynst erfið í framkvæmd og nýtur að því er best verður séð ekki velvilja hins fjársvelta háskólasamfélags á Íslandi. Hugsunin að baki háskóla, sem flestir munu ætla stað á Ísafirði tekur ekki mið af aðstæðum. Íbúar á Vestfjörðum eru fáir, færri en í Garðabæ og leita margir suður eftir þjónustu nú þegar. Svo áhrifin dygðu til fjölgunar er nauðsynlegt að fá nemendur og kennara inn á svæðið eins og sagt hefur verið hér áður.

Ferðaþjónusta er góðra gjalda verð en til þess að hún skili sér í umtalsverðri aukningu atvinnu þarf að ná miklu fleiri ferðamönnum til Vestfjarða og þá vantar meiri gistirými, sem kostar fé að byggja upp. Sá galli fylgir gjöf Njarðar að nýting gistirýmis yfir veturinn er ekki nógu góð og hvað þá er gistiplássum fjölgar að mun. Kjarni málsins er þó sá að auka þarf atvinnu, trú Vestfirðinga á framtíðina og efla mönnum bjartsýni byggða á raunhæfum grunni. Nýja Vestfjarðaáætlun vantar. Ekki á að sjóða hana saman í hendingu heldur byggja á því sem fyrir er og bæta við nýju eftir fremsta megni. Megi nýbyrjað ár verða Vestfirðingum frjósamt og gott.

Stefnumót?
Við hjálpum
þér að láta
það gerast.

Útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

Jón Sigurpálsson, myndlistarmaður og safnvörður, var útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar árið 2003 í hófi sem fram fór í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 30. desember sl. þar sem samankomnir voru fulltrúar sveitarfélagsins, fyrrverandi bæjarlistamenn og fjölskylda Jóns. Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar, afhenti listamanninum verðlaunagrip eftir Dýrfinnu Torfadóttir gullsmið og ávísun upp á 250.000 krónur. Jón er einn af stofnendum Myndlistarfélagsins á Ísafirði og má finna sköpunarverk hans víða um Vestfirði. Þá þykir hann hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu safnamála á svæðinu sem forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða og starfsmaður Listasafns Ísafjarðar. Jón Sigurpálsson er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur búið á Ísafirði síðustu tvo áratugina ásamt eiginkonu sinni, Margréti Gunnarsdóttur pianókennara. Þetta er í fjórða sinn sem bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar er útnefndur en áður hafa borið nafnbótina Harpa Jónsdóttir rithöfundur og kennari árið 2002, Vilberg Vilbergsson rakari og tónlistarmaður árið 2001 og Jónas Tómsson tónskáld árið 2000. – *kristinn@bb.is*

Jón Sigurpálsson, bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar og Margrét Gunnarsdóttir ásamt börnum sínum, Gunnari og Rannveigu.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Austan og suðaustan 8-13 m/s, en hægari síðdegis. Skýjað með köflum og skúrir sunnan- og austantil. Hiti 2-9 stig.
Horfur á föstudag: Austlæg átt, 3-8 m/s og skúrir eða él, en bjartviðri með köflum vestanlands. Kólnandi veður.
Horfur á laugardag: Austlæg átt, 3-8 m/s og skúrir eða él, en bjartviðri með köflum vestanlands. Kólnandi veður.
Horfur á sunnudag: Norðaustlæg átt og él víða um land. Hiti nálægt frostmarki.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 11. janúar kl. 13:00.

Hnífsdalskapella: Sunnudagaskóli 11. janúar kl. 11:00.

Spurningin

Hvaða væntingar berðu til ársins 2004?

Alls svöruðu 303.
Góðar sögðu 244 eða 81%
Slæmar sögðu 14 eða 5%
Engar sögðu 45 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fjölmenni sótti Vínardansleik Zontaklúbbsins Fjörgynjar

Fjölmenni sótti hinn árlega vínardansleik Zontaklúbbsins Fjörgynjar sem haldinn var í sal frímúrara á Ísafirði að kvöldi nýársdags. Gestir gæddu sér á léttum veitingum en Vagnsbörnin frá Bolungarvík sáu um skemmtiatriði og tónlistarflutning. Þá léku Baldur Geirmundsson og Margrét Geirsdóttir fyrir dansi fram eftir kvöldi. Dansleikurinn þótti takast ákaflega vel en hann er ein helsta fjáröflun Zontaklúbbsins. Ágóðinn rennur til málefna sem Zonta hefur tekið upp á arma sína m.a. menntunar kvenna og baráttunnar gegn ofbeldi á konum. Kátt var í höllinni eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.
– *kristinn@bb.is*

> Sýn: 11. janúar kl. 15:50

Stórleikur í enska boltanum

Viðureignir Englandsmeistara Manchester United og Newcastle eru oftast bráðfjörugar. Stundum rignir mörkum eins og t.d. í rimmu liðanna á Old Trafford í fyrra. Þá höfðu Rauðu djöflarnir betur, 5-3, í frábærum leik. Enginn lék þá betur en Ruud van Nistelrooy sem skoraði þrennu. Newcastle hóf leiktíðina illa en hefur hægt og bítandi unnið á.

> Stöð 2: 9. janúar kl. 20:30

Idol - Stjörnuleit og Svínasúpan

Fjórir söngvarar eru eftir í Idol – Stjörnuleit og einn þeirra kveður í Vetrargarðinum í kvöld. Áður en úrslitin verða ljós bregða meðlimir Svínasúpunnar á leik. Þetta eru nýir grínþættir í leikstjórn Óskars Jónassonar. Meðal leikenda eru Auðunn Blöndal Kristjánsson (Auddi), Sverrir Sverrisson (Sveppi), Pétur Jóhann Sigfússon, Sigurjón Kjartansson og fleiri.

> Sýn: 7. janúar kl. 19:45

Eiður og félagar fá Liverpool

Viðureignir Chelsea og Liverpool eru jafnan hin besta skemmtun en Chelsea hefur haft vinninginn í síðustu leikjum. Liðin mættust á Anfield í ágúst sl. og höfðu þá Eiður Smári og félagar betur, 2-1. Chelsea vann líka á Stamford Bridge í fyrra með sömu markatölu. Róður Liverpool verður því þungur í Lundúnum í kvöld.

Þrjár námsmeyjar fengu styrki

Ólína Þorvarðardóttir, Saga Sigurðardóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Dagrún Matthíasdóttir og Brynjólfur Þór Brynjólfsson við styrkveitinguna.

Dagrún Matthíasdóttir og Saga Sigurðardóttir fengu fyrir áramótin afhentan styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur. Dagrún er nemi við Listaskólann á Akureyri og Saga hefur fengið inngöngu í listdansskóla í Hollandi. Þá hlýtur Sunneva Jasmín Bernharðsdóttir, nemandi við alþjóðlegan menntaskóla í Hong Kong, styrk en hún var fjarstödd. Gyða Maríasdóttir veitti Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði forstöðu frá 1924 og til dauðadags árið 1936. Gamlir nemendur Gyðu stofnuðu sjóð til minningar um hana á fimmtíu ára afmæli skólans árið 1962. Í fyrstu var hlutverk sjóðsins að styrkja stúlkur frá Ísafirði eða nærsveitum til náms í heimilisfræðum eða skyldum greinum en nú er markmið hans að veita vestfirskum konum námsstyrki og styrkja starfsemi á sviði menningar og lista. Formaður sjóðsstjórnar er Sigrún Guðmundsdóttir, kennari á Ísafirði, tilnefnd af Kvenfélaginu Ósk, en aðrir í stjórn eru Brynjólfur Þór Brynjólfsson, útibússtjóri Landsabankans á Ísafirði og Ólína Þorvarðardóttir skólameistari. Afhendingin fór fram í Faktorshúsinu á Ísafirði.

– kristinn@bb.is

ÚTSALA

J. O. V. FÖT
Silfurgötu 2
Ísafirði
Sími 4564505

Sælkeri vikunnar

Arndís Hjartardóttir og Finnbogi Bernódusson í Bolungarvík

Saltfiskur, gellur og gervirjúpa

Arndís og Finnbogi bjóða upp á kræsilega rétti úr þjóðlegu hráefni með alþjóðlega skírskotun. Saltfiskurinn hefur verið verðmætur útflutningsvarningur í áraraðir og gellurnar hagstæður heimiliskostur. Vestfirskar úrvalskrásir gerast vart betri en svartfugl með íslenskum kryddjurtum. Að lokum er boðið upp á gómsætan eftirrétt með kaffinu. Uppskriftirnar eru fyrir 4-6.

Allt í einum potti að hætti húsbóndans

8-10 kartöflur
1 pakki sérútvatnaður saltfiskur
2 rauðlaukar
1 lítill púrrulaukur
1 rauð paprika (lítil)
1 græn paprika (lítil)
1 gul paprika (lítil)
svartur mulin pipar
smjör til að steikja upp úr

Kartöflurnar eru brytjaðar í ræmur og steiktar í smjöri segir húsbóndinn, síðan annað grænmeti. Saltfiskurinn er skorinn í ræmur og settur síðast útí. Myljið svartan pipar út á eftir smekk.

Borðið með heimabökuðu rúgbrauði.

Gellur í sparikjól

750 g gellur
250-500 g brokkolí
1 askja púrrulauks smurostur
Sojamjólk eða rjómi
jurtasalt og sítrónupipar
ostur

Setjið gellur og brokkolí í eldfast mót og kryddið með jurtasalti og sítrónupipar. Hrærið smurostinn með sojamjólk eða rjóma eftir hvað hver vill. Hellið yfir gellurnar í mótið, setjið rifin ost yfir og bakið í ofni í 200°C í 30 mínútur eða eftir þörfum.

Berið fram með híðishrísgrjónum, speltbrauði og salati.

Rjúpa í plati (svartfugl)

4-8 stk svartfuglsbringur marineraðar í 1-2 sólahringa

Marinering
Smá ólífuolía og sesamolía
örlítil skvetta balsamedik
2-2½ msk af blönduðum vestfirskum kryddjurtum (blóðbergi, rjúpnalaufi, bláberja- og krækiberjalyngi)
sítrónupipar og jurtasalt
1 msk bláberjasulta eða krækiberjasulta

Búið til sósuna úr soði af beinunum, villikrafti, bláberjasultu og afgangi af marineringunni, maizenamjöli og rjómaskvettu. Snöggsteikið bringurnar á pönnu og látið þær bíða smá stund.

Berið fram með sykurbrúnuðum kartöflum og waldorfsalati.

Eftirréttur með kaffinu – Suðræn sæla

Setjið jarðaber, banana, kíví(eða þá ávexti sem verið er með hverju sinni) í mót. Myljið makkarónukökur saman við setjið smá skvettu af grand marnier út á.

Þekið með þeyttum rjóma og stráið súkkulaði yfir. Setjið inn í frysti og berið fram hálffrosið.

Verði ykkur að góðu.

Við skorum á villimanninn hann Hafþór Gunnarsson í Bolungavík að færa okkur uppskriftir næstu viku.

Sportið í beinni

Sjónvarpið:
Föstudagur 9. janúar:
Kl. 20:10 – Landsleikur í handbolta: Ísland - Sviss.

Laugardagur 10. janúar:
Kl. 13:50– Íslandsmótið í handbolta kvenna: Haukar – Stjarnan.
Kl. 15:50 – Landsleikur í hanbolta: Ísland – Sviss.

Sýn:
Miðvikudagur 7. janúar:
Kl. 19:45 – Enski boltinn: Chelsea – Liverpool.

Laugardagur 10. janúar:
Kl. 20:20 – Spænski boltinn: Leikur óákveðinn.
Kl. 22:35 – NFL-deildin: Leikur óákveðinn.

Sunnudagur 11. janúar.
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Leicester – Chelsea.
Kl. 15:50 – Enski boltinn: Man. United – Newcastle.
Kl. 18:00 – NBA karfan: Toronto – Portland.
Kl. 21:00 – NFL - deildin: Leikur óákveðinn.

Stöð 2:
Laugardagur 10. janúar:
Kl. 14:45 – Enski boltinn: Arsenal – Middlesbrough.

Canal+ Norge:
Miðvikudagur 7. janúar:
Kl. 20:00 – Enski boltinn: Chelsea – Liverpool.

Laugardagur 10. janúar:
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Arsenal – Chelsea.

Sunnudagur 11. janúar:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Leicester – Chelsea.

Canal+ Zap:
Laugardagur 10. janúar:
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Liverpool – Aston Villa.

Sunnudagur 11. janúar:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Leicester – Chelsea

TV Danmark 1:
Laugardagur 10. janúar:
Kl. 18:30 – Spænski boltinn: Albacete – Valencia.
Kl. 20:30 – Spænski boltinn

Fimmtugur

Sunnudaginn 11. janúar nk. verður ***Kristján G. Jóhannsson*** 50 ára. Í tilefni af því tekur hann og eiginkona hans, Inga S. Ólafsdóttir á móti gestum laugardaginn 10. janúar frá kl. 19 í sal Frímúrara á Ísafirði.

> SkjárEinn: 8. janúar kl. 21:00

The King of Queens

Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Stutt er í miðskólamót hjá Doug. Hann hefur þungar áhyggjur af því að hárgreiðsla Carrie sé of bókasafnsvarðarleg, því hann vill sýna bekkjarfélögunum fyrrverandi hvað Carrie er flott.

Til sölu!

Til sölu er falleg 3ja herb. íbúð á 3. hæð að Stórholti 13 á Ísafirði. Gott útsýni yfir bæinn. Áhvílandi húsbréf kr. 3 milljónir. Íbúðin er laus. Verð: Tilboð.

Upplýsingar í símum 567 4547 og 895 2702

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Fréttasíminn er 456 4560 · www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

Bylgjan mótmælir

Á aðalfundi skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Vestfjörðum sem haldinn var á gamlársdag var samþykkt að mótmæla harðlega áformum fjármálaráðherra að fella niður sjómannaafslátt. Í samþykkt félagsins er bent á að sjómannaafslátturinn hafi verið mikið skertur frá því hann var upphaflega settur á. Einnig bendir félagið á að sjómenn einir stétta greiði skatt af fæðispeningum sínum meðan aðrar stéttir launþega sem fá dagpeninga greidda þurfi ekki að greiða skatta af þeim. – *hj@bb.is*

Góð flugeldasala

Flugeldasala gekk mjög vel fyrir áramótin að sögn Jóhanns Bærings Pálmasonar hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar en félagið stóð ásamt Björgunarsveitinni Tindum fyrir flugeldasölu á Ísafirði. „Salan er með því mesta sem við höfum séð og við erum afskaplega þakklátir bæjarbúum fyrir stuðninginn.“ sagði Jóhann Bæring. Félögin voru með flugeldasýningu við áramótabrennurnar í Hnífsdal og á Ísafirði og gengu þær mjög vel. – *hj@bb.is*

Engin slys

Áramótin voru tíðindalítil á sjúkrahúsinu á Ísafirði að sögn Þorsteins Jóhannessonar yfirlæknis. Aðspurður um hvort brunasár eða áverkar af völdum skotelda hafi komið inn á borð hjá starfsfólki sjúkrahússins segir hann að sem betur fer virðist menn vera orðnir varkárari við áramótagleðina. „Áramótin voru mjög róleg. Menn eru greinilega farnir að fara betur með þessa hluti eins og við höfum lengi beðið um“, sagði Þorsteinn. – *kristinn@bb.is*

Einar Kristinn Guðfinsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins

Sjávarútvegsmálin rædd í auknum mæli samhliða byggðaþróun

„Ég spái því að umræðan um sjávarútveg verði miklu meira áberandi samhliða umræðu um byggðaþróun“, segir Einar K. Guðfinnsson, þingmaður í Norðvesturkjördæmi og þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, aðspurður um átakalínur í stjórnmálunum á næsta ári.

„Sú umræða sem fram fór í haust um línuívilnun og sú umræða sem núna fer fram vegna áforma um að selja sjávarútvegshluta Eimskips sýnir að alls staðar er mönnum ljóst samhengi sjávarútvegsins, fiskveiðiréttarins og byggðaþróunar. Jafnvel í öflugum byggðum eins og Akureyri, sem styðst við margbrotna atvinnustarfsemi og er kvótasterkasta byggðalag landsins, þar er mönnum ljós þýðing öflugs sjávarútvegs fyrir byggðina þar“, segir Einar Kristinn.

Hann segir alþingskosningar í nýju kjördæmi síðasta vor vera minnisstæðar. Kosningabaráttan hafi verið nýstárleg og á margan hátt mjög erfið vegna landfræðilegs umfangs. „Baráttan var mjög spennandi og átakamikil í okkar kjördæmi sem m.a. helgaðist af því að það var mjög tekist á um sjávarútveginn. Út af fyrir sig er það ekki nýtt fyrir vestfirska þingmenn en sú umræða varð meiri en flestir ætluðu í upphafi.

Ég tel að kosningarnar hafi undirstrikað andstöðu við fyrningarleiðina en um leið að fiskveiðistjórnun í landinu verði að taka mið af hagsmunum byggðanna. Að mörgu leyti hefur fram ákveðið uppgjör varðandi þær spurningar sem fyrningaleiðin vakti og mönnum er ljóst að sú leið dugði a.m.k. ekki fyrir byggðirnar í landinu.“

Einar Kristinn Guðfinnsson.

Einar segir mjög spennandi tíma framundan þar sem þjóðin sé á hraðri leið í mikla lífskjarasókn. „Það er að verða gríðarleg uppbygging í stóriðju í landinu, í fyrsta sinn fjarri höfuðborgarsvæðinu. Í tengslum við stækkun álversins á Grundartanga jafnframt, sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir suðurhluta hins nýja Norðvesturkjördæmis, þá reynir auðvitað heilmikið á hagstjórnina í landinu. Miklu máli skiptir að við nýtum þá uppsveiflu til hagsbótar fyrir allt landið og ekki síst norðvesturhornið sem er augljóslega afskipt í þeirri beinu innspýtingu fjármagns sem verður í tengslum við stóriðjuuppbygginguna.

Á okkar svæði eru auðvitað til staðar heilmiklir möguleikar, ekki síst í grundvallaratvinnuvegunum og í ferðaþjónustu svo dæmi séu tekin. Ég er þeirrar skoðunar að það lag sem skapast með aukinni þenslu og fleiri störfum eigi að nota til að færa opinber störf út á landsbyggðina og þá sérstaklega á svæðin sem ekki njóta fjárfestinga í stóriðju. Þegar uppsveiflan hefst fyrir alvöru og fleiri störf verða til m.a. á höfuðborgarsvæðinu verður auðveldara en ella að færa til opinber störf og það eigum við hiklaust að gera. Þannig beitum við ríkisvaldinu, stærsta vinnuveitanda landsins, með beinum hætti til atvinnusköpunar á þeim svæðum sem sérstaklega þurfa á því að halda“, sagði Einar Kristinn. – *kristinn@bb.is*

Áramótin fóru vel fram

Áramótin fóru vel fram í byggðum Vestfjarða samkvæmt upplýsingum blaðsins. Áramótabrennur voru víðast hvar í byggðum á norðanverðum Vestfjörðum, m.a. á Langeyri við Súðavík, í Hnífsdal, á Þingeyrarodda, við gamla flugvöllinn í Bolungarvík og við Hauganes í Skutulsfirði og var fjölmenni á þeim flestum. Ljósmyndari blaðsins tók meðfylgjandi myndir á áramótabrennunni á Hauganesi sem og þegar nýja árið gekk í garð. Bæjarins besta óskar lesendum sínum nær og fjær, gleðilegs árs með þakklæti fyrir það liðna.

Sveinbjörn Hrafn útnefndur ræðari ársins

Siglingasamband Íslands útnefndi fyrir áramótin, Bolvíkinginn Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson sem ræðara ársins. Útnefningin fór fram á Grand Hótel í Reykjavík samhliða kjöri íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins 2003.

Að þessu sinni voru veittar viðurkenningar í 28 íþróttagreinum innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Sveinbjörn Hrafn er vel að viðurkenningunni kominn en þrátt fyrir að vera aðeins tvítugur að aldri er hann þegar kominn í fremstu röð kajakræðara landsins.

Sveinbjörn Hrafn var útnefndur íþróttamaður Bolungarvíkur fyrir árið 2002 og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri.

Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson, ræðari ársins að mati Siglingasambandsins.